



## **Norðlingaskóli – heildarmat á skólastarfi**

Desember 2013  
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

**Ritstjóri:** Birna Sigurjónsdóttir

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Helga Jenný Stefánsdóttir

Nanna K. Christiansen

Steinunn Ármannsdóttir

Valgerður E. Þorvaldsdóttir

Una B. Bjarnadóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
Inngangur .....	4
Mat á skólastarfi .....	4
Skólastarf.....	7
Námsárangur .....	7
Stjórnun og stefna.....	8
Stefna skólans.....	9
Skipulag skóladags .....	10
Frístund í Klapparholti .....	10
Samstarf við grenndarsamfélagið .....	10
Nemendur og líðan .....	11
Stjórn nemendafélags .....	14
Reglur og agi .....	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi .....	16
Verklag .....	18
Fjölbreyttar leiðir í námi .....	18
Mat á kennsluháttum .....	21
Einstaklingsmiðað nám .....	23
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir.....	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla .....	25
Skólaþróun og mat .....	28
Virk upplýsingamiðlun.....	30
Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir.....	30
Heimasíða.....	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi .....	32
Mannauður .....	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað .....	34
Samstarf.....	35
Aðbúnaður.....	36
Símenntun og starfsþróun.....	37
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar .....	38
Fjármál .....	41
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun.....	41
Fjárhagsleg staða skólans .....	41
Greining.....	42
Samantekt:.....	42
Heimildir .....	47
Fylgiskjöl.....	47

## Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Norðlingaskóla sem fram fór í október 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs. Norðlingaskóli var einn af þremur skólum þar sem skóla- og frístundasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2013-2014. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Norðlingaskóla er Sif Vígbórsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Aðalbjörg Ingadóttir. Í Norðlingaskóla eru um 460 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2013-2014. Um 106% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu sækja skóla í Norðlingaskóla.

Í skólanum starfa 90 starfsmenn skólaárið 2013-2014 í um 78 stöðugildum, þar af 42 kennarar í 41 stöðugildi, 19 starfsmenn í frístund í 9-10 stöðugildum og 29 aðrir starfsmenn í 27 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,7 nemendur á hvert stöðugildi (starfsmenn í frístund frátaldir) sem er jafnt og í borginni í heild að meðaltali (6,7)<sup>1</sup>. Ef aðeins er miðað við kennara í Norðlingaskóla eru um 11,2 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9,3)<sup>2</sup>.

Norðlingaskóli tók til starfa haustið 2005 í færanlegum kennslustofum. Skólinn er staðsettur í Norðlingaholti í Reykjavík, mitt á milli Elliðavatns og Rauðavatns. Hönnun nýs skólahúss hófst árið 2006. Flutt var í nýtt skólahús í áföngum frá 2009 og þar til haustið 2013 en þá var skólinn að öllu leyti fluttur í nýtt skólahúsnæði með starfseminu undir einu þaki.

### **Mat á skólastarfi**

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd

<sup>1</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2012 (tafla 75).

<sup>2</sup> Sama (tafla 78).

skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 41 grunnskóla í Reykjavík á árunum 2007-2013.

### Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

### Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- |   |             |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla                               | vika 1      |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1      |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð       | vika 1      |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki          | vika 2      |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar                                   | vika 3      |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð  | vika 4-5    |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu                         | vika 5      |
| • Skýrsluskil – formleg   | vika 6      |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs                         | í lok annar |

### Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
  - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
  - Athugun í skóla
  - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
  - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
    - Skipurit og starfslýsingar
    - Mannréttindaáætlun
    - Áætlun um foreldrasamstarf

- Áætlun um starf nemendafélags
- Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
- Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
- Heimasíðu skólans
- Stundaskrár bekkja/árganga 2013-2014 (eins og þær eru afhentar nemendum)
- Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
- Kennsluáætlanir 2013-2014 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
- Símenntunaráætlun skólans
- Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
- Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
- Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

### **Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd**

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

# Skólastarf

## Námsárangur

### Samræmd könnunarpróf

Meðaltalsárangur nemenda í Norðlingaskóla á samræmdum könnunarprófum árið 2012 í 4. bekk var nokkuð yfir meðaltali borgarinnar í íslensku og stærðfræði. Undanfarin ár hefur meðaltal í íslensku oftast verið nálægt meðaltali Reykjavíkur og einu sinni vel yfir meðaltali og það sama á við um stærðfræði. Árið 2009 var skólinn þó nokkuð yfir meðaltalinu í báðum greinum.

Í 7. bekk var meðaltalsárangur í íslensku undir meðaltali Reykjavíkur en frá árinu 2008 hefur hann verið við meðaltal Reykjavíkur. Í stærðfræði hefur meðaltalið oftast en ekki verið lægra en meðaltal Reykjavíkur en sveiflast nokkuð.

Í 10 bekk var meðaltalsárangur undir meðallagi í báðum greinum fyrir árið 2012, hann var mjög góður í báðum greinum fyrir árið 2011 en árin áður var árangur lægri þó framfarastuðull hafi alltaf sýnt eðlilegar eða góðar framfarir (Skýrsla um samræmd könnunarpróf, 2012, 2011 og 2010).

### Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
<b>4. bekkur</b>						
Íslenska		27,4	26,3	32,5	32,1	33,6
Reykjavík		30,3	31,3	31,2	30,4	30,5
Stærðfræði		29,0	27,1	37,9	32,6	31,7
Reykjavík		30,0	30,4	30,5	29,7	29,9
<b>7. bekkur</b>						
Íslenska	27,7	22,4	27,6	30,8	27,5	28
Framfarastuðull íslenska	-	-	1,0	-	1,0	1
Reykjavík	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6
Stærðfræði	27	25,0	27,6	38,9	29,4	29,5
Framfarastuðull stærðfræði	-	-	0,96	-	1,0	1,02
Reykjavík	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5
<b>10. bekkur</b>						
Íslenska			27,6	30,8	28,8	24,6
Framfarastuðull íslenska			-	1,07	-	1,02
Reykjavík			31,0	30,6	30,8	31,1
Stærðfræði			24,3	29,2	24,6	27,1
Framfarastuðull stærðfræði			-	1,01	-	0,98
Reykjavík			30,9	30,9	30,9	31,1

Niðurstöður skólans í lesskimun í 2. bekk hafa verið misgóðar. Vorið 2013 gátu 64% nemenda lesið sér til gagns í Norðlingaskóla sem er svipað og meðaltal Reykjavíkur. Það er einnig töluverð framför frá árinu 2012 þar sem 55% gátu lesið sér til gagns en þá gátu að meðaltali 69% barna í Reykjavík lesið sér til gagns. Hlutfall nemenda sem tók bara 1. hluta Talnalykils lækkaði við síðustu fyrirlið 2012, en þá luku 73% aðeins 1. hluta á meðan

hlutfallið var 76% meðal barna í Reykjavík. Þetta var töluverð lækkun frá árinu 2011 þar sem 85% barna í Norðlingaskóla luku aðeins 1. hluta á meðan hlutfallið var 73% í Reykjavík.

### Lesskimun og Talnalykill

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Lesskimun 2. bekkur</b>							
Hlutfall sem les sér til gagns		60%	73%	79%	69%	55%	64%
<i>Reykjavík</i>	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%
<b>Talnalykill 3. bekkur</b>							
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		94%	80%	90%	85%	73%	
<i>Reykjavík</i>		66%	69%	72%	73%	76%	

### Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)).

Skóðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Norðlingaskóli var undir meðaltali í lesskilningi og stærðfræði en nálægt meðaltali í náttúrufræði. Staða skólans miðað við aðra reykvíska skóla í lesskilningi og læsi á stærðfræði breyttist lítið milli 2006 og 2009 en var mun betri í læsi á náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var góð, 86% af 15 ára nemendum skólans tóku þátt.

### Það sem vel er gert

- Niðurstöður samræmdra prófa árið 2012 í 4. bekk voru vel yfir meðaltali Reykjavíkur, bæði í íslensku og stærðfræði.
- Framfarastuðull í 7. bekk sama ár sýndi eðlilegar framfarir í báðum greinum.
- Betri árangur var í niðurstöðum lesskimunar 2. bekkjar 2013 og 2012.

### Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Huga að stærðfræði unglíngastigs þar sem framfarastuðullinn var lágur í 10. bekk (árið 2012).

### Stjórnun og stefna

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans sem fundar einu sinni í viku. Verkaskipting er nokkuð skýr milli stjórnenda en þess utan „förum (við) bara í þau verk sem þarf“, segir í rýnihópi þeirra. Skipurit er lýsandi fyrir stjórnskipan skólans og starfslýsingar hafa verið gerðar fyrir alla starfsmenn.

Stjórnendateymið vinnur náið saman og er með ákveðna verkaskiptingu sem hefur verið kynnt fyrir starfsfólki. Skólastjóri er faglegur leiðtogi, leggur áherslu á mikil og góð samskipti við foreldra og að vera sýnilegur og aðgengilegur fyrir starfsfólk skólans. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra, tengiliður við kennara og leiðir faglegt starf í skólanum með skólastjóra. Stjórnendur „eiga“ ákveðin teymi, skólastjóri er með list- og verkgreinateymi og miðstígsteymið, aðstoðarskólastjóri er með unglíngadeildarteymið og íþróttateymið og deildarstjórnarnir tveir eru hvor með sitt teymið á yngsta stigi. Deildarstjóri heldur m.a. utan um val, forföll og „daglegar reddingar“ að sögn skólastjóra og deildarstjóri sérkennslu heldur utan um skipulag stoðþjónustunnar.



Skólustjóri leggur mikla áherslu á að vinna með og festa í sessi starfshætti í skólanum, einstaklingsmiðun, samkennslu og áherslu á verkgreinar í smiðjum þannig á að þessir starfshættir séu fastir í sessi í skólanum. Skólamenning og jákvæð viðhorf til nemenda er einnig áhersluþáttur í starfinu svo og samkennsla og teymisvinna starfsfólks. Skólustjóri segist einnig ræða við starfsmenn á hverju hausti um viðhorf sem fela í sér að „foreldrarnir eru sérfræðingar í börnunum og við (kennarar) erum sérfræðingar í námi“. Mikil áhersla er á að foreldrar hafi gott aðgengi bæði að stjórnendum og kennurum skólans, „við myndum alltaf henda öllu frá okkur ef börnin eða foreldrar eru annars vegar“.

Í viðtölum við húsvörð og yfirmann mótuneytis kom fram að mánaðarlegir fundir eru með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra. Fyrirlíði skólaliða hefur einnig setið þá fundi. Húsvörður fundar með skólaliðum og stefnt er að því að þeir fundir verði hálfsmánaðarlega í vetur. Húsvörður hefur yfirumsjón með íþróttahúsi skólans og sér um að ráða þá starfsmenn sem eru á vakt þegar íþróttahúsið er í útleigu.

Allt starfsfólk skólans vinnur saman í teyllum. Að sögn skólustjóra funda stjórnendur a.m.k. mánaðarlega með hverju teymi fyrir sig um málefni þess teymis. Ákveðið var að hafa ekki teymisstjóra, heldur skiptast meðlimir hvers teymis á að sjá um fundarritum og að stjórna fundum. Fundaplan er gefið út fyrir skólaárið þar sem fram koma allir fastir fundir kennara og annars starfsfólks.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2013 töldu 94% foreldra skólanum vera vel stjórnað, á landsvísu var hlutfallið marktækt lægra, að jafnaði um 80%.

## **Stefna skólans**

Stefna Norðlingaskóla birtist á heimasíðu og í starfsáætlun skólans. Stefna skólans byggir á menntastefnu sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla (2011) og á stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Þar kemur fram að hún er unnin í sameiningu af þeim sem standa að skólanum, starfsfólki, nemendum, foreldrum og fræðsluyfirvöldum. Á henni grundvallast allt starf skólans og áhersluþættir eru tilgreindir í sjö liðum, m.a. að einstaklingum séu búin námsskilyrði til að þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur.

Einstaklingsmiðun er þannig einn af áhersluþáttum í stefnu skólans ásamt því að stefnt er að því að skólinn sé án aðgreiningar fyrir alla nemendur hverfisins „þar sem engum sé ofaukið og allir séu velkomnir“. Aðrir þættir eru samkennsla árganga, teymisvinna starfsfólks og að skólinn sé hluti af því samfélagi sem hann starfar í (Starfsáætlun, stefna og sýn). Í samræmi við stefnu og sýn skólans hefur skólinn lagt áherslu á fjölbreytta starfshætti, s.s. samkennslu árganga, val og samvinnu, áhugasvið og smiðjur.

Eitt af því sem markar sérstöðu skólans er að í upphafi skólaárs er farið heim til allra nemenda í svokallaða skólaboðun. Þetta er gert til að tryggja að ákveðnum upplýsingum sé komið á framfæri við foreldra. Allir starfsmenn skólans fara í slíkar heimsóknir, tveir og tveir saman. Í rýnihópi starfsfólks kom fram mikil ánægja með þetta fyrirkomulag, „Þetta er skemmtilegt...líka gott fyrir krakkana að fá að sjá ný andlit ef einhverjir nýir eru að byrja...“Þú komst heim til mín“, þá tengjast þau manni strax og þekkja nafnið“.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2013 kemur fram að starfsmenn telja sig almennt þekkja markmið og stefnu Norðlingaskóla og mikill meirihluti er ánægður með hana.

## **Skipulag skóladags**

Skóladagur nemenda hefst kl. 8:00 með morgungæslu og þá eru kennarar komnir á svæðin. Kennsla hefst kl. 8:10 með morgunstud/ heimakrök og lýkur kl. 14:00 sömuleiðis í heimakrök með umsjónarkennara. Á unglíngastigi hefst kennsla kl. 8:40 og lýkur 14:40 með valgreinatímum. Skóladagur er samfelldur og allir dagar jafnlangir.

Skóladeginum er skipt í fjórar lotur með hléum á milli. Lengstu lotur eru að morgni 80 mínútur hjá yngri nemendum en 120 mín. hjá unglíngum, aðrar lotur eru 60 mínútur. Matarhlé er í 40 mínútur en önnur hlé fyrir og eftir hádegi eru 10-20 mínútur í hvert sinn, alls eru hlé nemenda 80 mínútur á dag í 1.-7. bekk, morgungæsla meðtalin.

Skoðaðar voru stundatöflur námshópa. Vikulegur kennslutími nemenda í 1.-4. bekk er 1400 mínútur sem er umfram það sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir (1200). Það helgast að hluta af því að frístundastarf er samþætt skóladegi nemenda og hópar nemenda fara úr kennslustund í frístund eftir ákveðnu kerfi. Hver nemandi fer í um 2 klst á viku í morgunfrístund.

Vikulegur kennslutími nemenda í 5.-7. bekk er einnig 1400 mínútur sem er jafnt og það sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Vikulegur kennslutími nemenda í 8.-10. bekk er 1480 mínútur sem einnig er jafnt því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Innan þess tíma eru valgreinar nemenda.

## **Frístund í Klapparholti**

Við Norðlingaskóla starfar frístundaheimilið Klapparholt. Þar er 6-9 ára nemendum Norðlingaskóla boðið upp á fjölbreytt tómsundastarf eftir skóla til kl. 17:15 alla virka daga. Frá því í janúar 2012 hefur Norðlingaskóli tekið þátt í þróunarverkefninu „Dagur barnsins“. Það verkefni felur í sér samþættingu skólastarfs og frístundar. Frístundinni er fléttað inn í stundaskrár allra nemenda á aldrinum 6-9 ára sem þýðir daglega lengingu á skólatíma þeirra um 40 mínútur. markmið eru m.a. að efla félags- og samskiptafærni, sjálfstraust og jákvæða framkomu (Kynningarbæklingur um Klapparholt).

## **Samstarf við grenndarsamfélagið**

Í Norðlingaskóla er lögð áhersla á að skólinn sé kjarni hverfisins og að mikil tengsl séu við nánasta samfélag skólans og umhverfi. Leitast er við að ná til allra íbúa hverfisins t.d. með súpukvöldum sem öllum var boðið á fyrsta starfsár skólans og einnig eru hátíðir skólans fyrir jól og vorhátíð öllum opnar að sögn skólastjóra. Eldri borgurum í hverfinu hefur einnig verið boðið að heimsækja skólann.

Stutt er í náttúru sem er nýtt í daglegu starfi og leik. Þróunarverkefnið útinám í Björnslundi stóð yfir 2006-2008 og þá voru mótaðar aðferðir og verkefni sem nýtast í útinámi sem lögð er áhersla á með öllum nemendum. Mikið og gott samstarf hefur jafnan verið við aðila í skólasamfélaginu um notkun Björnslundar og skólaárið 2010-2011 var myndaður samstarfshópur um nýtingu og umhirðu Björnslundar. Meginmarkmið hópsins er að hafa samráð um uppbyggingu Björnslundar þannig að þessi náttúruperla í Norðlingaholtinu þjóni íbúum hverfisins, Norðlingaskóla og Leikskólanum Rauðhól sem best. Gerður var samningur um nýtingu skógarins sem grenndarskógs í skóla- og tómsundastarfi. Samstarfshópurinn er skipaður eftirtöldum aðilum: Foreldrafélag Rauðhóls, Leikskólinn Rauðhóll, Foreldra- og starfsmannafélagið Vaðið Norðlingaskóla, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (LÍS), Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Frístundamiðstöðin Ársel, Íbúasamtök Norðlingaholts og Norðlingaskóli (Heimasíða: Samstarfshóður um nýtingu og hirðingu Björnslundar).

Skólinn tekur þátt í verkefninu um Grænánann þar sem lögð er áhersla á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.

Markvisst samstarf er milli Norðlingaskóla og leikskólans Rauðhóls. Kennarar á mörkum skólastiga funda saman í upphafi haust- og vorannar til að móta dagskrá fyrir önnina með gagnkvæmum heimsóknum og sameiginlegum viðburðum. Jólaskóli og vorhátíð í Björnslundi er meðal sameiginlegra viðburða. Auk þessa koma leikskólabörn í heimsókn í Íþróttasal skólans og á bókasafn. Mötuneyti er sameiginlegt fyrir báða skólana.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að mikil áhersla er lögð á að skólinn sé í sterkum tengslum við íbúa hverfisins, „það hafa allir alltaf athvarf í skólanum, hér hafa verið haldnar fermingarveislur, bíókvöld, kompuðagar og hvað þetta nú heitir allt saman.

Samstarf er við Tónlistarskóla Árbæjar og sækja nemendur Norðlingaskóla sem eru í tónlistarnámi tónlistartíma á skólatíma þar sem kennarar tónlistarskólans koma í Norðlingaskóla til að sinna kennslunni. Sama gildir um nemendur Suzuki-skólans.

### **Það sem vel er gert**

- Skólastjóri leggur mikla áherslu á að vinna með og festa í sessi ákveðna starfshætti í skólanum.
- Stjórnendateymið vinnur vel saman og hefur með sér skýra verkaskiptingu
- Allir starfsmenn skólans fara í skólaboðunarheimsóknir heim til nemenda
- Skólinn er í sterkum tengslum við nærsamfélagið
- Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn og skipurit skólans endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar

### **Engin sérstök tækifæri til umbóta komu fram í þessum þætti**

### **Nemendur og líðan**

Í foreldrakönnun árið 2013 mátu 96% foreldra í Norðlingaskóla líðan barna sinna í skólanum almennt góða og er það yfir meðaltali Reykjavíkur í þessari spurningu sem er 94%. Nær allir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni töldu börnunum líða vel í kennslustundum, en 94% foreldra töldu barninu oftast líða vel þar en meðaltal Reykjavíkur er 93%. Um 96% töldu barninu oftast líða vel í frímínútum en 87% voru þeirrar skoðunar árið 2012.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.<sup>3</sup>

Á þessu skólaári hefur Skólapúlsinn aðeins verið lagður einu sinni fyrir, því er hér fjallað um ársmeðaltöl skólans skólaárið 2012-2013. Það skólaár var Skólapúlsinn lagður fyrir annan hvorn mánuð.

Ánægja af lestri var örlítið hærri en landsmeðaltal og yfir meðaltali sambærilegra skóla. Það er mjög áhugavert að drengir í Norðlingaskóla höfðu að meðaltali örlítið meiri ánægju af lestri en stúlkur og langt yfir landsmeðaltali drengja. Stelpur í Norðlingaskóla höfðu örlítið minni

<sup>3</sup> Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is) 14. nóvember 2013.

ánægju af lestri að meðaltali en landsmeðaltal. Ánægja af lestri var mest í 6. og 8. bekk og áberandi lægst í 10. bekk. Ánægja af lestri var um eða yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum nema 10. bekk.

Áhugi á stærðfræði var undir landsmeðaltali síðasta skólaár og var áhugi allra árganga undir landsmeðaltali þess árgangs. Mestur var áhuginn í 6. bekk og mjög nálægt landsmeðaltali. Kynjamunur í Norðlingaskóla var þó nokkur og var áhugi stúlkna í Norðlingaskóla vel undir landsmeðaltali stúlkna, hins vegar var stærðfræðiáhugi drengja nær landsmeðaltali. Áhugi á náttúruvísindum var yfir landsmeðaltali og var munurinn marktækur í desember og febrúarmælingu. Langmestur áhugi var í 10. bekk en nokkuð jafn yfir aðra árganga. Kynjamunur var mikill og aftur strákum í hag. Stúlkur voru með svipaðan áhuga og landsmeðaltal stúlkna en strákarnir voru með mun meiri áhuga á náttúrufræði og langt yfir landsmeðaltali stráka (og stelpna).

Á síðasta skólaári voru nemendur í Norðlingaskóla undir landsmeðaltali í mælingum á sjálfsáliti og var munurinn marktækur í desember og febrúarmælingu. Heildarmeðaltal Norðlingaskóla var nálægt því að vera marktækt lægra en landsmeðaltal og má rekja það til hversu lágar mælingar á sjálfsáliti nemenda á unglingsstigi voru. Hins vegar mældust nemendur í 6. og 7. bekk með herra sjálfsálit en landsmeðaltal. Það var ekki teljanlegur kynjamunur í mælingu á sjálfsáliti en á landsvísu voru strákar með mun herra meðaltal en stúlkur.

Þegar litið var til mælinga á vanlíðan mældist vanlíðan nemenda hærri í Norðlingaskóla en á landsvísu og var sá munur marktækur í þrem mælingum af fjórum (des., feb. og apr.). Minnst var um vanlíðan í 6. bekk en jókst í hverjum árgangi og var áberandi mest í 10. bekk í Norðlingaskóla, á landsvísu mældist vanlíðan hins vegar nokkuð jöfn eftir árgöngum. Þá var vanlíðan stúlkna í Norðlingaskóla nokkuð meiri en vanlíðan stráka.

Þegar litið var til kvíða nemenda í Norðlingaskóla var meðaltal kvíða herra en landsmeðaltal og var sá munur marktækur í þrem mælingum af fjórum (des., feb. og apr.). Árgangamunur fór stigvaxandi eftir árgöngum í Norðlingaskóla en ekki á landsvísu. Stúlkur í Norðlingaskóla mældust með meiri kvíða en drengir og voru bæði kynin yfir landsmeðaltali. Ennfremur mældist einelti yfir landsmeðaltali í Norðlingaskóla og var mest um það í 10. bekk og meira hjá stúlkum en strákum.

Skólinn brást við þessum niðurstöðum Skólapúlsins með ýmsum aðgerðum þegar niðurstöður voru ljósar sl. vor og m.a. var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk vefkönnun þar sem spurt var um líðan þeirra og viðhorf til skólans. Í þeirri könnun kemur fram að tæplega 90% nemenda finnst skólinn frekar eða mjög góður og um 80% svara að þeim líði nokuð eða afar vel í skólanum. Rúmlega 55% finnst vinnufriður nokkuð eða mjög góður en 33% finnst hann sæmilegur og um 12% slæmur. Þegar spurt er um einelti í skólanum svara um 88% að þau séu aldrei lögð í einelti í skólanum og um 10% sjaldan aðeins einn svarar oft.

Spurningar í Skólapúlsinum sem vörðuðu skóla- og bekkjaranda voru um eða yfir landsmeðaltali. Nemendur Norðlingaskóla samsömuðu sig ekki alveg eins vel við nemendahópinn og í öðrum skólum en ekki varð vart við árganga- eða kynjamun. Samband nemenda og kennara mældist marktækt betra en á landsvísu og var munurinn áberandi mestur í meðal nemenda í 9. bekk. Nokkur kynjamunur var, og þótti stúlkum samband við kennara betra en strákum. Stuðningur kennara við nemendur var svipaður og á landsvísu, en nokkuð lægri í 10. bekk en í öðrum árgöngum, ekki var greinanlegur kynjamunur.

Skólinn vinnur eftir eineltisáætlun þar sem fram kemur að sem hluti af forvörnum gegn einelti er mikil umfjöllun og fræðsla um samskipti, líðan og einelti. Ef upp kemur grunur um einelti er umsjónarkennari látinn vita og hann virkjar eineltisteymið, umsjónarkennari er einnig ábyrgur fyrir því að ferill mála sé skráður. Eineltisteymið ræðir við málsaðila og foreldra, ef aðgerða er þörf er reynt að stöðva eineltið strax, t.d. með sérstöku eftirliti í frímínútum eða matsal. Skólastjóri ber ábyrgð á því að kalla til fagaðila ef þurfa þykir, þau börn sem stóðu að eða urðu fyrir eineltinu fá skipulegan stuðning og aðhald í a.m.k. sex mánuði frá sitt hvorum aðilanum. Eineltisteymið fylgir málum eftir í allt að sex mánuði og er málum lokað með formlegum hætti (Heimasíða Norðlingaskóla; Skólinn; Eineltisáætlun Norðlingaskóla).

Af þeim foreldrum í Norðlingaskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun í febrúar 2013 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum, sögðu 10%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 9%. Þegar spurt var um einelti sem hefði átt sér stað fyrir meira en 12 mánuðum lækkaði hlutfallið lítillega í 9% (landsmeðaltal var 12%). Allir þessir voru spurðir um hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Um 71% foreldra töldu að tekið hefði verið frekar eða mjög vel á eineltinu (landsmeðaltal var 56%) og 64% (landsmeðaltal var 53%) töldu að tekið hefði verið frekar eða mjög fljótt á eineltinu. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var töluvert betri en á landsvísu.

Nemendur í rýnihópi á yngsta stigi þekktu nokkurn veginn skólareglurnar og nefndu dæmi um reglur sem þeir segja vera sanngjarnar og þurfi að vera. Reglurnar væru ekki sýnilegar en það væri rætt um þær í kennslustund. Kennararnir geri reglurnar en nemendurnir komi lítið að því. Kennararnir væru duglegir að hrósa og veita nemendum leiðbeiningar bæði munnlega og skriflega í bækurnar um hvernig þau geti bætt sig. Ef einhver brýtur reglur er nemandinn jafnvel sendur til skólastjórans og jafnvel hringt heim til foreldra. Nemendum líkar vel við skólastjórann og þykir hann blíður en vilja ekki vera „send“ þangað. Það er ekki kerfisbundið umbunarkerfi þar sem safnað er stigum eða slíkt. Oftast er vinnufriður, nemendur tala um að þurfa að hvísla vilji þau tala í tíma. Á *Gleðivöllum* má ekki vera nema þar sé þögn. Í rýnihóp kom fram að nemendur höfðu orðið varir við einelti, þá áttu þau að sækja kennara og starfsfólkið væri duglegt að reyna að stöðva eineltið. Það gengi oftast en ekki alltaf. Að lokum kom fram í rýnihóp að óþægilegt væri að sitja á hörðum skólum og að nemendur vildu gjarnan ráða „einum degi“, nemendum fannst þau ekki ráða miklu í skólanum.

Nemendur í rýnihópi á miðstigi könnuðust ekki við að það væru nein sérstök skólaviðmið nema kannski Grænánaverkefnið og segja að það sé kannski eitthvað umhverfisviðmið. Þau sögðu að reglur væru ekki sýnilegar og að kennarar taki stundum ekki eftir því þegar eru læti og séu stundum lengi að bregðast við. Sumir nemendur virði ekki alveg hvernig eigi að hegða sér. Stundum gengur illa að halda vinnufrið, of oft læti. Hægt að biðja um að fara í rólega-rýmið, það eru „róandi“ myndir í rólegu rýmum. Kennarar reyna að bæta vinnufriðinn með aðvörunum. Nemendur tala um að það sé eitthvað um stríðni, hópamyndanir (maður setjist bara hjá vinum sínum ekki bara einhvers staðar) en í 7. bekk sé reynt að sameina hópinn. Eitthvað er um vini á milli árganga en nemendur eru mest með bekkjarfélögum. Þau greina frá því að það sé eitthvað um einelti en að reynt sé að stoppa það ef sagt er frá því. Að lokum nefna einhverjir að áhugasvið, íþróttir og heimilisfræði séu það skemmtilegasta í skólanum. Þegar nemendur voru beðnir um að nefna það sem mátti bæta var nefnt að heimilisfræði mætti vera oftari í viku, að maturinn væri ekki góður og að erfitt væri að komast í klúbbaskólann.

Nemendur í rýnihópi á unglingastigi töldu að það væru einhver einkunnarorð í skólanum en mundu þau ekki. Þau þekkjá skólaviðmið og segja að farið sé yfir þau í skólaheimsókninni.

Nemendum finnst að reglurnar þurfi ekki að vera sjáanlegar, það séu mjög fáir að haga sér þannig. Nemendur segja að hrós sé sett inn á Showbe (námsvef skólans) og þeir segja að hrós þurfi að vera í hófi til að virka. Nemendur finnst að lítið sé um vinnufrið og mikil læti í áttunda bekk, segja þau, kennarar séu að reyna að láta nemendur gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur í stað þess að skamma. Í þriðja rýminu er vinnufriður, segja þau, en þangað komast færri en vilja. Þegar nemendur eru spurðir um skólabrag innan elsta stigs þá nefna þeir að mikið sé um afmarkaða vinahópa og að ekki sé mikil bekkjarheild, það hafi komið upp mál innan hópa og kennarar reyni að taka á því. Í rýnihópnum kom fram að einelti færi frekar fram á netinu (Snapchat) heldur en að einhver væri „viljandi að vera leiðinlegur“. Varðandi mat á skólastarfi kom fram að Skólapúlsinn væri lagður fyrir og svo matsblað fyrir foreldraviðtölin. Þegar spurt var hvar mætti bæta starfið nefndu þau að skólalaturinn væri ekki góður en samt betri en þegar hann var aðkeyptur.

## Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög: „Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með stjórn nemendafélagsins og gáfu þeir upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar og nemendafélagið. Auk þess er að finna á heimasíðu skólans upplýsingar um nemendafélagið og hlutverk þess. Dagskrá fundarins var kynnt á facebook fyrir fundinn. Félagsstarfskennari stýrir fundinum og ritar fundargerð. Kennarinn heldur utan um umræðuna þegar umræðan fer út fyrir umræðuefnið og stýrir henni. Rætt er um hugmyndakassa, jólaskólann og jólaball og kennari leitar eftir hugmyndum nemenda.

Fulltrúar úr 8.-10. bekk Norðlingaskóla mynda stjórn nemendafélags, tveir úr hverjum árgangi. Haldin er kynning á nemendaráðinu og störfum þess og síðan er opin kosning á netinu þar sem „þú átt að velja tvo úr þínum árgangi og mátti velja sjálfan sig“, en þurfti að velja einn strákur og eina stelpu, segja nemendur í rýnihópi. Kosið var í nemendaráð, fulltrúa í skólaráð og námsnefnd allt í einu og mátti velja sama einstaklinginn í öll ráðin. Hlutverk námsnefndar er að sögn nemendaráðsins „að hjálpa við að gera námið skemmtilegra“. Hlutverk nemendaráðs er aftur á móti að skipuleggja félagslíf nemenda og viðburði. Enginn formaður er í ráðinu. Fulltrúar nemenda í skólaráði eru ekki úr stjórn nemendafélagsins heldur kosnir beinni kosningu.

Fundir stjórnar nemendafélagsins eru haldnir mánaðarlega. Fundargerðir og dagskrá funda koma inn á facebook-síðu. Félagsstarfskennari fundar með þeim og þau eru ánægð með hana „hún tekur allt til greina... fáum alltaf að segja eins mikið og við viljum, ef við viljum gera eitthvað þá fáum við að segja um það“. Mest er fjallað um viðburði í félagsstarfinu, að skipuleggja þá og koma með hugmyndir, að sögn rýnihópsins .

Mikil tengsl eru við frístundastarf í félagsmiðstöðinni Holti og „þá blandast Holtsráð og nemendaráð saman“. Sameiginlegur fundur ráðanna er einu sinni í viku.

## Reglur og agi

Á heimasíðu Norðlingaskóla eru birt skólaviðmið sem eru ígildi skólareglna. Þar segir: Norðlingaskóli er vinnustaður nemenda og starfsmanna. Þar er leitast við að öllum lífi vel og

fari eftir þeim grunnviðmiðum sem gilda á flestum heimilum. Þannig styrkjum við það umhverfi sem okkur líður vel í og hvetur til frekari vinnuafkasta (Heimasíða, skólaviðmið).

Skólareglur uppfylla að nær öllu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur (fylgiskjal 7). Viðbrögð við agabrotum eru birt í starfsáætlun skólans og er einnig er að finna á heimasíðunni. Þau eru að mestu leyti í samræmi við reglugerðina auk þess sem vísað er í verklagsreglur skóla- og frístundasviðs um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda nemenda.

Um skólabraginn segir: Hann einkennist af stuðningi, áskorun, trausti, skilningi, ánægju, hvatningu, metnaði, gleði, hlýju og sköpun.

Skólaviðmiðin eru endurskoðuð reglulega að sögn kennara, í þeim er ekki áhersla á boð og bönn „þá verður það bara svo spennandi“, heldur æskileg viðhorf og framkomu „við viljum að þau njóti traustsins“. Farið er yfir viðmiðin í skólaboðun að hausti og kennarar telja að allir þekki þau, en „svo framfylgja þau þeim kannski ekki“. Mikil áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti og tekið á vandamálum miðað við hvern einstakling. Á bekkjarfundum er m.a. rætt um samskipti og hegðun og útbúinn bekkjarsáttmáli segja kennarar yngri nemenda, en skólaviðmiðin mættu vera sýnilegri í skólanum að þeirra mati.

Þegar kennarar í rýnihópi voru beðnir að segja frá sterkum og veikum hliðum skólans nefndu þeir m.a. agamálin sem veikan þátt, ekki þó þannig að það séu agavandamál í skólanum að þeirra sögn heldur „vesen á göngunum“ og í matsalnum sem mætti taka markvissar á. Starfsfólk í rýnihópi segir að nú sé komin meiri ró og festa á hegðun í matsalnum en var fyrst í haust.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal 3; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 88% svarenda í Norðlingaskóla fannst kröfur um aga í skólanum hæfilegar sem er hærra en að meðallagi í borginni allri (80%).

### **Það sem vel er gert**

- Foreldrar telja líðan barna sinna í skólanum almennt góða.
- Skólinn tekur fljótt og vel á einelti að mati foreldra.
- Samband nemenda og kennara mælist marktækt betra en á landsvísu,
- Almennt eru spurningar um skóla- og bekkjaranda um eða yfir landsmeðaltali.
- Fulltrúar úr 8.-10. bekk Norðlingaskóla mynda stjórn nemendafélags, tveir úr hverjum árgangi, þeir eru kosnir beinni kosningu.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir beinni kosningu.
- Skólaviðmið uppfylla að nær öllu leyti það sem kveðið er á um í grunnskólalögum og í reglugerð um skólareglur, þau eru endurskoðuð reglulega.
- Foreldrum finnst agi í skólanum hæfilegur.

### **Tækifæri til umbóta**

- Fylgjast þarf vel með líðan nemenda í kjölfar slakrar niðurstöðu í Skólapulsinum á sl. ári.
- Huga þarf sérstaklega að virkni stúlkna í skólanum en hún mældist að jafnaði töluvert undir landsmeðaltali.
- Huga þarf að því að nemendur á miðstigi taki þátt í starfi og stjórnun nemendafélagsins.
- Skólaviðmið mættu vera sýnilegri í skólanum.

- Taka markvissar á aga og hegðun í sameiginlegum rýmum.

### **Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi**

Á heimasíðu Norðlingaskóla er bæklingur fyrir foreldra sem kallast *Stefna um foreldrasamskipti í Norðlingaskóla*. Stefnuþótunin nær til þriggja ára og hefur m.a. að markmiði að auka samstarf við foreldra. Í bæklingnum er foreldrum kynnt flestallt er tengist foreldrasamstarfi, foreldrafélaginu, samskiptaleiðum og markmið upplýsingamiðlunar. Skólaárið hefst með skólaboðunarheimsókn þar sem starfsmenn skólans fara í heimsókn til nemanda og foreldra. Þar kynnast nemendur og foreldrar starfsfólki skólans á nýjum forsendum ásamt því að áherslur skólastarfsins eru kynntar og ýmis gögn afhent heimili nemandans. Þar kemur einnig fram að foreldrum er boðið að taka þátt í skólastarfi einu sinni á önn þar sem nemendur kenna áhugaverða hluti sem þeir hafa verið að læra (Heimasíða Norðlingaskóla, Foreldrar, Samstarf við foreldra, Stefna um foreldrasamskipti, samstarf og upplýsingamiðlun í Norðlingaskóla).

Í foreldrakönnuninni sem lögð var fyrir í febrúar 2013 svöruðu 72% foreldra í Norðlingaskóla. Helstu niðurstöður voru þær að foreldrar voru að jafnaði ánægðir með nám og kennslu í skólanum og var meðaltal Norðlingaskólans marktækt hærra en landsmeðaltal.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni sem Skólapúlsinn lagði fyrir í febrúar 2013. Hlutfall foreldra sem töldu að nemendum liðið almennt vel í skólanum, í frímínútum og kennslustundum var á bilinu 94-96%. Foreldrar voru ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og þá bar af að ánægja foreldra barna á unglingsstigi voru mun ánægðari með samskipti starfsfólks við börnin en landsmeðaltal. Foreldrar í Norðlingaskóla voru marktækt ánægðari með hversu vel skólinn mætti þörfum nemenda (93%) en landsmeðaltal (88%), þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá að allir foreldrar sem svöruðu fyrir börn í 1.-4. bekk Norðlingaskóla voru mjög eða frekar ánægðir með hversu vel skólinn mætti þörfum nemenda.

Langflestum fannst námslegar kröfur skólans til barnsins síns (87%), agi (85%), áhersla á próf (78%) hæfilegar en á þessum mælikvörðum var skólinn yfirleitt í kringum landsmeðaltal. Hlutfall foreldra sem aðstoðar barnið vikulega eða oftar var 55% en á landsvísu var það 76%. Að mati 28% foreldra er heimavinna of lítil en á landsvísu er það 16% og er sá munur marktækur. Foreldrar barna í Norðlingaskóla eru marktækt mun ánægðari með aðstöðu í skólanum en foreldrar á landsvísu. Mikil ánægja er meðal foreldra með alla aðstöðu, s.s. mataraðstöðu, íþróttaaðstöðu, tölvuaðgang, aðstöðu í list- og verkgreinum, möguleika á tómstundastarfi og almennt ástand húsnæðis.

Foreldrar skólans voru ánægðir með stjórnun skólans og töldu 94% honum vera vel stjórnað. Á landsvísu var hlutfallið marktækt lægra, að jafnaði um 80%.

Foreldrar í rýnihópi telja að það sé hlustað á foreldra og þeim þykir gott aðgengi að stjórnendum. Það séu nóg tækifæri ef fólk vill hafa áhrif og foreldrum mikið boðið að vera með í skólastarfinu. Foreldrar eru hvattir til að mæta á viðburði, koma í heimsóknir og fara með í vettvangsferðir. Þeir nefna sérstaklega að þeir séu ánægðir með skólaboðunardag sem þeim þykir persónulegur og frábær. Eins nefna þeir foreldraskóladaginn en þá er meira um að foreldrar eigi að leysa verkefni en börnin og það er svo góð þátttaka að nánast er slegist um sæti. Fram kom að foreldrar töldu jákvæðni, hlýju og jákvætt viðhorf einkenna samstarf skóla og foreldra.



Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er skólastjórnin, skólinn væri ekki kominn svona langt ef hún væri ekki svona dugleg. Starfi með nemendum með lestrarörðugleika var hrósað og áhuga starfsmanna, að starfsfólk sé ráðið inn til að taka þátt í starfinu af áhuga. Foreldrar nefndu líka að vel hefði tekist að halda „kósi anda“ frá því að skólinn var í skúrum þrátt fyrir stækkun skólans.

### **Skólaráð og foreldrafélag**

Skólaráð starfar við Norðlingaskóla skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í skólaráðinu situr skólastjóri, fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, fulltrúar foreldra, fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Skólaráðið fundar mánaðarlega og skólastjóri annast skipulag funda og fundardagskrá er ákveðin fyrirfram, en fulltrúar geta lagt mál til umfjöllunar eftir því sem þörf er á. Fundargerðir skólaráðs eru svo birtar á heimasíðu skólans.

Í rýnihópi foreldra kom fram að fulltrúar nemenda sitji alla fundi eftir að það kom á, þeir séu spurðir álits en til að byrja með séu þeir feimnir. Foreldrar séu ekki að hafa samband við skólaráðið beint því aðgengi að stjórnendum sé svo gott, þeir séu hvattir til að koma og fá sér kaffi á kennarastofunni. Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur á yngstastigi vissu ekki mikið um skólaráð eða hverjir sætu í því fyrir hönd nemenda en ekki kom fram hvort nemendur á mið- og unglingastigi þekktu skólaráðið.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og er markmið þess m.a. að sameina skóla og fjölskyldu. Það sé ákveðinn fjöldi skemmtana og annarra viðburða á hverju ári. Þátttaka verði alltaf betri og betri og hafi aukist frá því fyrir 6 árum. Fjórir bekkjarfulltrúar eru fyrir hvern árgang og enginn vandi að manna það. Það er mappa fyrir hvern árgang, hvað er gert, hvað hefur verið gert og svo ákveðið hvað eigi að gera núna. Foreldrafélagið stendur til dæmis fyrir jólafondri, öskudegi, sjá um bókainnkaup fyrir 1.-4. bekk, vorhátíð og margt fleira. Mjög góð mæting á viðburði og mikið samstarf milli skóla og foreldra. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um foreldrafélagið og skólaráðið. Listi yfir tengiliði skóla og bekkjarfulltrúa ásamt skýrslum.

### **Það sem vel er gert:**

- Mikil ánægja var með skólann og stjórnun hans meðal foreldra barna í skólanum, ánægja foreldra með stjórnun skólans er vel yfir landsmeðaltali. Foreldrar voru að jafnaði ánægðari með nám og kennslu en foreldrar á landsvísu.
- Á milli 94-96% foreldra töldu að börnum þeirra liði almennt vel í Norðlingaskóla, í kennslustundum og í frímínútum. Foreldrar voru mjög ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur.
- Yfir 90% foreldra voru ánægðir með hversu vel skólinn mætti þörfum nemenda og voru foreldrar barna í Norðlingaskóla ánægðari með alla aðstöðu skólans en að landsmeðaltali.
- Foreldrum er boðið að taka þátt í skólastarfi einu sinni á önn þar sem nemendur kenna áhugaverða hluti sem þeir hafa verið að læra.
- Skólaráð starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerð og fundar mánaðarlega yfir skólaárið.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann og stendur fyrir föstum árlegum viðburðum og þátttaka verður betri með hverju árinu.
- Skólinn hvetur foreldra til þátttöku í skólastarfinu og foreldrar sem tóku þátt í rýnihópi upplifðu sig velkomna í skólann.

### Tækifæri til umbóta:

- Hluti foreldra telur heimavinnu of litla, eða fleiri en á landsvísu í sömu mælingum.
- Bent er á að betur mætti kynna skólaráð betur fyrir nemendum, hlutverk þess og hverjir sitja í því fyrir hönd nemenda og foreldra.

## Verklag

### *Fjölbreyttar leiðir í námi*

Í stefnu skólans er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram um nám og kennslu; samkennslu árganga, einstaklingsmiðun og eigin áætlanir nemenda, val og samvinnu, áhugasvið, smiðjur, útikennslu í Björnslundi og teymisvinnu starfsfólks (Starfsáætlun, starfshættir). Þessum áherslum virðist markvisst fylgt eftir í framkvæmd. Góðar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans um þá þætti sem einkenna nám og kennslu í skólanum.

Samkennsla árganga er í 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk, 5.-7. bekk og í 8.-10. bekk auk þess sem árgangar geta blandast enn frekar í smiðjum og þemaverkefnum. Markmiðið með samkennslunni er að hver nemandi fái nám og kennslu við sitt hæfi jafnframt því að nemendahópurinn eigi samleið sem hópur eða bekkjarheild og að efla félagslegan þroska í aldursblönduðum hópi. Hver samkennsluhópur hefur til umráða tvö til þrjú samliggjandi kennslusvæði sem skipt er upp í heimakróa og vinnusvæði hópanna, einnig hafa þeir aðgang að minni stofum til kennslu eða vinnu líttilla hópa eða einstaklinga.

Starfsmenn vinna í teyllum um hvern námshóp, 6-8 kennarar auk sérkennara og stuðningsfulltrúa. Markmið með teymisvinnu er að nýta sérþekkingu kennara, sértæka reynslu og hæfni og einnig að nemendur hafi hóp kennara sem þeir geta leitað til í daglegu námi og starfi. Í rýnihópi kennara kemur fram ánægja með blöndun og teymisvinnu, hún „skapar samheldni í árgangi og ríkir svona vinátta og umhyggja og virðing fyrir sínum félögum“. Kennurum á yngsta stigi finnst þungur róður að kenna nemendum vinnubrögðin en það skilar sér að þeirra mati „nemendurnir verða sjóaðri í þessu kerfi þegar þau fara upp í þriðja og fjórða... og samkennslan nýtist ofsalega vel þannig að fyrsti bekkurinn lærir af öðrum bekk“.

Hver umsjónarkennari er með um 20 nemendur en færri nemendur eru á hvern umsjónarkennara á yngsta stiginu. Á yngsta stiginu er hver umsjónarkennari með sinn hóp í heimakróa í upphafi og lok dags en yfir daginn eru 6-8 kennarar með námshópin þannig að barnið getur valið um hvaða kennara það leitar til. Á áformsdögum ræðir umsjónarkennari við sína nemendur í 4-5 manna hópum í eina lotu í senn yfir daginn og fer yfir áform hvers og eins í áformabókum. Kennarar á yngsta stigi í rýnihópi voru sammála um að vikulegir áformsdagar væru miklir gæðatímar, kennurum er ætlaður tími í stundatöflu yfir allan daginn og hver kennari nær þannig að eiga gæðastund með öllum sínum umsjónarnemendum, setja áform fyrir komandi viku, fara yfir síðustu viku og spjalla við hvern og einn nemenda maður á mann. „Þetta er ótrúlega jákvætt, bara algjör snilld... á móti eru þetta dýrir kennaradagar, en það græða allir, bæði kennarar og nemendur“. Öll umsjónarteymin eru með áformadag í hverri viku og í rýnihópum kennara kom fram mikil ánægja með þá.

Nemendum á yngsta stigi finnst kennararnir „kunna allt sem þeir eru að kenna“, skemmtilegast finnst þeim í stærðfræði „gaman að reikna, leggja saman og draga frá“. Best er að læra saman í hóp, þá er hægt að fá aðstoð frá félaga í stað þess að þurfa alltaf að spyrja kennarann. Stundum fara þau út í náttúruna að læra, t.d. náttúrufræði „lærum t.d. hvernig trén vaxa í Björnslundi“, ef einhver er mjög fljótur þá fær hún/hann að gera eitthvað annað. t.d. að fara í tölvu eða setjast í sófann. Þeim finnst heimanámið „passlegt“.

Kennarar á miðstigi tala um að fjölbreytileikinn sé einkenni starfsins við „leitumst við að hafa spennandi og skemmtilegt“, segja þau. Nemendur eru alls 129 í stóru rými en „samt í mismunandi hópum“, hópaskiptingar geta verið flóknar en „nemendur eru fljótir að fatta þetta“. Námið fer fram í árgangablönduðum hópum nema enska, danska og sund að sögn kennara.

Nemendur á miðstigi tala um að það fari eftir umsjónarhópi hvernig þau eru að læra. Kennararnir ráða því aðallega hvort nemendur læra einir eða í hópnum, segja þau. „Áformum á hverjum þriðjudegi, kennari og nemandi saman en „kennarinn með yfirhöndina“. Þau hafa aðgang að litlu rými „þar sem má fara að læra, þar er hljóð“. Þau vildu gjarnan fara meira út en tala um að farið hafi verið í vettvangsferðir í upphafi skólaárs. Þau segjast nota tölvur töluvert í náminu og útbúa kynningar fyrir hópinn sem líka eru settar á læsta youtube-rás. Einu sinni í viku vinna þau að verkefni á sínu áhugasviði. Læri nemandi mikið í skólanum þarf lítið sem ekkert að læra heima, segja þau.

Í unglिंगadeild Norðlingaskóla eru 116 nemendur, flestir í 8.bekk eða 45. Nemendahópurinn blandast þvert á árganga í smíðjum, áhugasviði og samfélagsfræði. Í ensku, dönsku, íslensku, stærðfræði og náttúrufræði er kennt í aðskildum hópum. Umsjónarkennarar eru sex. Þeim til aðstoðar eru sérkennari og tveir stuðningsfulltrúar. Leiðarljós við skipulag náms í unglिंगadeild Norðlingaskóla er: Að nemandinn njóti frelsis til að læra að stjórna eigin námi með hliðsjón af styrkleikum sínum og áhugasviði – og skilji og meðtaki ábyrgðina sem af því frelsi hlýst. Meginmarkmiðið er að gera nemendur sjálfstæða og ábyrga í námi (Starfsáætlun Norðlingaskóla). Allir dagar eru eins byggðir upp í stundatöflu 8.-10.bekkjjar. Nemendur mæta kl. 8:40 í skólann og nota spjaldtölvu sína til að skrá sig inn með sérstökum kóða. Að því búnu fara þeir annað hvort í áformstíma eða auglýstan tíma sem þeir hafa skráð sig í. Því næst vinna nemendur í áformum sínum. Þriðja lota hvers dags er umsjónarlota. Nemendur eru þá hjá sínum umsjónarkennara og stunda þar nám sitt. Fjórða lota er námslota og í þeirri fimmtu eru kenndar valgreinar.

Undanfarin tvö ár hefur skólinn unnið að innleiðingu spjaldtölva í námi og kennslu á unglिंगastigi og nú frá hausti nær spjaldtölvuvæðingin til allra nemenda í unglिंगadeild. Markmið er m.a. að auðvelda einstaklingsmiðun námsins með rafrænu námi. Beitt er kennsluáðferðum sem henta hverju sinni segir í markmiðssetningu og áhersla á nám fremur en kennslu. Allir nemendur fá spjaldtölvur til afnota og þar er allt námsefni að finna ásamt markmiðum. Nemendur fá námsefnið á spjaldtölvurnar og vinna verkefni sem því eru tengd, svara spurningum, vinna verkefni og verkefnaskil fara fram rafrænt.

Námsefni er sett fram undir svokölluðum merkjum sem er nafn á einskona námsmökkum. Á bak við hvert merki eru tiltekin markmið úr nýrri aðalnámsskrá. Hvert fag hefur sitt



merki, þar sem nemendur fá fyrirmæli um hvernig þeir skulu haga vinnu sinni. Innan hvers merkis eru skylduverkefni og valverkefni og ráða nemendur í hvaða röð þeir skila valverkefnunum. Þegar kennari hefur fengið verkefnið sendir hann munnlegt mat rafrænt til nemenda. Hann heldur nákvæma skrá yfir það sem nemendur eiga að vinna og heldur utan um það í tölvunni sinni.

Umsjónartímar og áformstímar eru daglega. Svokallaðir námstímar eru tvisvar í viku. Þessir tímar eru nýttir til náms og leiðbeininga frá umsjónarkennurum sem kalla nemendur til sín eftir fyrirfram ákveðinni áætlun. Nemendur leita líka til kennara þegar þeir telja sig þurfa leiðsögn. Að sögn kennara á unglíngastigi eru áformstímar með svipuðu sniði. Nemendur geta áformað, þ.e. sett sér áætlun um námið eina til þrjár vikur framundan og fær stuðning kennara til að meta það. Hafi nemandi náð 80% námsmarkmiða merkisins telst því lokið. Þá fer fram tvíþætt mat, á vinnubrögðum og á gæðum vinnu nemandans. Að því loknu getur nemandi hafið vinnu að nýju merki – á ný í samráði við umsjónarkennara. Foreldrar hafa aðgang að öllu ferlinu rafrænt. Kennarar í rýnihópi eru ánægðir með námsfyrirkomulagið og telja að nemendur eigi ekki í erfiðleikum með tæknina, „það er meira mál að halda þeim við efnið og kenna þeim áformin“.

Nemendur á unglíngastigi segja námið allt einstaklingsmiðað „við áformum verkefni á okkur, fer eftir hversu löng merkin eru“. Sum merki eru í 3 vikur, önnur í 10 vikur, segja þau. Þau eru ekki sammála innan hópsins um hvort þetta námsfyrirkomulag virkar vel, „finnst of snemmt að segja til um hvort þetta virkar en það lofar góðu“, „þetta er svolítið ruglingslegt í byrjun en maður er byrjaður að fatta þetta“. Það er alveg mismunandi eftir því á hvaða hraða fólk er, hvar það er í bókunum. segja þau líka. Námið er hæfilega mikið, finnst þeim og er byggt upp þannig að „þetta hentar öllum einhvern veginn, þeir sem eru lost fá hjálp sem þeir þurfa“. Þeir fara fram úr sem geta það, „þú getur verið í 8. bekk en verið í 9. bekkjarnámsefni“. Nemendur eru ekki uppteknir af því hvar hver er staddur, „það er alls ekki nein skömm að vera eftir á“. Um heimanám segja þau „ef þú ert dugleg þar (í skólanum) þá þarftu ekki að læra heima“. Sum verkefni segja þau þægilegra að gera heima í borðtölvu heldur en í Ipad og „þá vil ég frekar gera það heima eins og sum teikniforrit“.


Foreldrar í rýnihópi segja að einstaklingsmiðun og sjálfstæð vinna einkenni námið „mikið öðruvísi en skipulagið einn kennari einn bekkur og allir með sömu bók“. Að þeirra mati er skólinn „á undan öðrum og mikil vinna hjá kennurum að búa til rammann og verkefnið“.

Á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki sem komu að spjaldtölvuverkefninu var sett af stað rannsóknarverkefni til að meta árangur af innleiðingu þess í Norðlingaskóla. Gefin var út áfangaskýrsla haustið 2012 þar sem fram kemur að spjaldtölvuvæðingin lagði grunn að auknu aðgengi að námsefni og námstólum, samskiptum og samstarfi, ásamt fjölbreytni í úrvinnslu viðfangsefna í námi. Rannsóknin gaf til kynna aukna ánægju, áhuga og sjálfstæði nemenda í námi, meiri einstaklingsmiðun náms, aukna virkni nemenda og betri nýtingu á bekkjartímum. Kennurum fannst að spjaldtölvunotkun ýtti undir faglega þróun og ánægju þeirra í starfi. Foreldrar voru almennt hlynntir spjaldtölvunotkun og fannst að skólinn ætti að fjárfesta áfram í nýrri tækni til náms. Ábendingar voru lagðar fram varðandi áframhaldandi þróun þess. Einnig voru dregnir fram styrkleikar og veikleikar, m.a. að spjaldtölvuvæðingin nær ekki til list- og verkgreinakennara sem kenna árganginum, ekki eru alveg allir nemendur ánægðir með breytinguna, samvinna við námsefnisframleiðendur er ekki nógu nán og tæknilegir örðugleikar komu fram í byrjun (Sólveig Jakobsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir og Ragnheiður Líney Pálsdóttir. 2012).


Ljóst er að unnið hefur verið í því að efla og þróa spjaldtölvuverkefnið enn frekar síðan áfangaskýrslan var gerð og vinna í þeim veikleikum sem bent var á. Lokaskýrsla liggur ekki fyrir enda rannsókn ekki lokið. Það er mikill styrkur fyrir spjaldtölvuverkefnið að jafnhliða innleiðingu skuli fara fram rannsókn á gagnsemi þess.

## Mat á kennsluháttum

Í vettvangsathugunum voru nemendur álíka oft að vinna sjálfstætt að einhverju leyti að eigin vali og að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 17% þeirra stunda sem heimsóttar voru. Beina kennsla/innlögn/umræður var merkt við í um 15% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í 24% stunda og markvissa samvinnu og sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 30% tilvika sem er töluvert hærra hlutfall en að meðaltali í þeim skólum sem borið er saman við.<sup>4</sup>



Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í þeim skólum sem þeir hafa markvisst verið skoðaðir sl. 4 ár.



## List- og verkgreinar

<sup>4</sup> Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

List- og verkgreinakennsla fer fram í svokölluðum smiðjum sem eru um þriðjungur af vinnutíma nemenda. Þar er list- og verknám samþætt öðrum námsgreinum, s.s. samfélagsfræði, náttúrufræði og umhverfismennt. Í smiðjunum er oft meiri aldursblöndun en í almennu starfi skólans (Starfsáætlun). Kennarar í þessum greinum mynda list- og verkgreinateymi, og líkar það vel kemur fram í rýnihópi „mjög gott að hittast og tala saman, fara yfir verkefni varðandi samþættingu og svona“, en þau taka líka fram að sumum hentar þetta, öðrum ekki.

Aðstaða til kennslu íþróttanna í skólanum mætti vera betri að mati íþróttakennara, gluggar og glerveggir gera salinn óhentugan.

### **Valgreinar**

Valgreinar skiptast í þrjá flokka skv. upplýsingum í starfsáætlun skólans; fjarnám. valgreinar og metna valgrein sem er formlegt og krefjandi nám utan skóla. Fjarnám er í samvinnu við framhaldsskóla. Valgreinar skiptast í þrjú tímabil þar sem kennst er átta til níu vikur í senn. Að jafnaði er hver valgrein kennd einu sinni í viku 90 mín. í senn. Á síðastliðnu skólaári var alls boðið upp á 34 valgreinar og 15 þeirra kenndar, um helmingur þeirra tengdust list eða verkgreinum.

### **Skólasafn**

Skólasafn skólans er staðsett á annarri hæð skólahússins. Óskað hefur verið eftir því að safnið verði rekið í samvinnu við Borgarbókasafn og þjóni íbúum hverfisins jafnframt skólanum. Bókakostur er í uppbyggingu. Að mati kennara í rýnihópi þarf að bæta bókakostinn og „við erum ekki með réttu húsgögnin“, segir þar og enginn veit hvaðan þau komu.

### **Námsmat**

Námsmat hefur þann tilgang að veita nemendum og foreldrum upplýsingar sem geta orðið til þess að bæta hæfni og frammistöðu nemandans og gefa raunhæfa sýn á stöðu hans. Leiðsagnarmat og símat er mest notað í unglingadeild Norðlingaskóla. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til að laga og gera betur sé verkefnaskilum ekki fullnægt. Metið er hvernig nemendum tekst til að læra af reynslunni og auka hæfni sína til náms. Reynt er að undirbúa nemendur undir fjölbreytt námsmat að loknum grunnskóla, m.a. haldin skrifleg próf. Áhersla er á stór lokaverkefni í stað eða meðfram prófum.

Unnið var að þróunarverkefni í Norðlingaskóla og Ingunnarskóla á árunum 2006-2009 um einstaklingsmiðað námsmat. Verkefnið beindist einkum að því að skipuleggja og þróa námsmat þar sem byggt er á fjölbreyttum aðferðum, s.s. frammistöðumati, námsmöppum (portfolio), sjálfsmati nemenda, jafningjamati og matssamtölum (Heimasíða. Námsmat).

Skólaárinu er skipt upp í tvær annir, fyrri önnin frá skólabyrjun og fram í janúar og sú seinni frá janúar til skólaloka. Formlegu lokamati er skilað til nemenda og forráðamanna þeirra á samráðsdegi í annarlok í janúar og júní. Námsmatið byggir á fjölbreyttum aðferðum, leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, frammistöðumati, jafningjamati, matssamtölum og stundum einnig safnmöppumati og hefðbundnum prófum. Lögð er áhersla á símat, þ.e. að stöðugt fari fram mat og endurgjöf til nemenda.

Á námsmatsblöðum sem afhent eru í viðtali koma fram markmið hvorrar greinar og mat á stöðu nemandans gagnvart því markmiði í orðum. að sögn kennara er þetta mikill texti og við tökum inn námsfærni, skólafærni, félagsfærni. Frá fimmta bekk fylgir umsögninni einkunn í tölum.

## Einstaklingsmiðað nám

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn langt í að einstaklingsmiðað nám og starfshætti skólans, heildarútkoma er 4.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni, skipulags- og námsumhverfisstöðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Á heimasíðu skólans er grein fyrir starfsháttum skólans m.a í einstaklingsmiðun í námi, hvað í því felst, hvað kenningar liggja því til grundvallar og hvaða leiðir eru farnar til að ná markmiðum um einstaklingsmiðað nám. Þar segir m.a.: stuðlað er að einstaklingsmiðun í námi með því að hver og einn nemandi gerir með kennara sínum einstaklingsmiðaða námsáætlun sem kölluð er áform ýmist til einnar viku í senn eða tveggja. Þar setja nemendur sér markmið og ákveða hvaða leiðir og námsefni þeir geta notað til að ná settu marki (Heimasíða, einstaklingsmiðun). Allir nemendur skrifa áform í bækur, frá fyrsta bekk. Að mati kennara í rýnihópi er það gott fyrir þau, „þau æða í bækurnar og vilja vinna og vinna og vinna, þetta rammar þau inn með hvað þau eiga að gera, hjálpar við að skipuleggja sig“. Þannig getur hver og einn verið að vinna á sínum hraða í sinni bók. Allt námsefnið er inni í þessum áformsbókum og börn með sérþarfir nota sams konar bækur. Áformsdagurinn er okkur afskaplega mikilvægur, segir einnig, þá hittum við umsjónarnemendur okkar kannski 5 í einu og eigum „gæðastund með hverjum og einum“. Í áformsbókunum eru námsmarkmið vetrarins þannig að þau eru alltaf sýnileg nemendum og foreldrum.

Einnig er lögð áhersla á að hver nemandi vinni með áhugasvið sitt en um þá vinnu er gerður sérstakur námssamningur. Í hverri viku skipuleggja nemendur tíma til að vinna með áhugasvið sitt, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum eftir löngun hvers og eins. Áhugahvötin er mikil orkulind enda eru nemendur góðir í því sem þeir hafa áhuga á og verða einnig góðir í því sem þeir fá áhuga fyrir (Norðlingaskóli, áhugasvið).

## Nemendalýðræði

Nemendalýðræði felst meðal annars í því að það eru skipuleg nemendaviðtöl, matssamtöl við nemendur þrisvar á hverju ári um hvaða væntingar þeir hafa til skólans og námsins. Gátlisti stýrir samtalinu og gert hefur verið verklag fyrir samtölin. Þar kemur fram að þau eru send heim til foreldra eftir að þau eru tilbúin og skráð og foreldrar fara yfir þau með börnum sínum.

Bekkjarfundir eru einnig liður í að auka nemendalýðræði. Á fundinum hafa nemendur orðið og ræða það sem tengist því að vera hluti af skólasamfélaginu, s.s. samskipti og líðan í frímínútum, umgengni í skólanum, vináttu og hjálpssemi.


Kosið er í námsnefnd á miðstigi og unglíngastigi sem fær að leggja fram hugmyndir um hvernig þeir vilja setja upp námið. Námsnefndin fundar reglulega og kemur með hugmyndir sem varða nám nemenda, s.s. valstöðvar, hópaskiptingu og smiðjur.

Haldið hefur verið skólaþing hjá unglíngadeildinni, þar sem eru tekin fyrir málefni „bara eins og á þingi“ og rætt í hópum, skilað ályktunum og tillögur kynntar fyrir stjórnendum. Þetta var prófað alveg niður í þriðja og fjórða bekk, hvernig þau vildu hafa skólann sinn og hvernig þeim liði.

Nemendur hafa líka mjög greiðan aðgang að stjórnendum til að ræða um hluti og koma fram ábendingum.

## Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Heimsóttar voru um 20 kennslulotur eða jafngildi um 30 kennslustunda og allar metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingar athugenda á kennslustundum og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 26% stunda frábærar, 68% góðar og 6% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

### Það sem vel er gert:

- Í stefnu skólans er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti Þessum áherslum virðist markvisst fylgt eftir í framkvæmd.
- Góðar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans um þá þætti sem einkenna nám og kennslu í skólanum.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 94% góðar eða frábærar.
- Undanfarin tvö ár hefur skólinn unnið að innleiðingu spjaldtölva í námi og kennslu á unglíngastigi
- Það er mikill styrkur fyrir spjaldtölvuverkefnið að jafnhliða innleiðingu skuli fara fram rannsókn á gagnsemi þess.
- Starfsmenn vinna í teyllum um hvern námshóp. Markmiðið er að nýta sérþekkingu kennara, sértæka reynslu og hæfni.
- Stundataflan veitir umsjónarkennurum svigrúm til að fara yfir áform vikunnar með umsjónarnemendum í hverri viku og eiga persónulegt spjall við hvern og einn
- Skólustarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn langt í að einstaklingsmiðað nám og starfshætti skólans, heildarútkoma er 4.5 stig á kvarðanum 1-5.



- Einstaklingsmiðun og sjálfstæð vinna einkenna nám og í vettvangsathugunum voru nemendur álfka oft að vinna sjálfstætt að einhverju leyti að eigin vali og að vinna að verkefnum undir stjórn kennara.
- Hver nemandi gerir einstaklingsmiðaða námsáætlun, áform. Í áformsbókum birtast einnig markmið námsgreina.
- Í hverri viku gefst nemendur tækifæri til að vinna að verkefnum á sínu áhugasviði.
- Námsmatið byggir á fjölbreyttum aðferðum og áhersla er á símat.
- Nemendalýðræði birtist í reglulegum nemendasamtölum, bekkjarfundum og skólapingum.

### Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf aðstöðu á skólasafni og efla starfsemi þess.
- Aðstaða í íþróttahúsi þarfnast úrbóta að mati kennara.
- Samstarf við Borgarbókasafn og samnýting á aðstöðu skólans er umbótatækifæri að mati skólastjóra.

## Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

### Stjórnun og stefna

Deildarstjóri í 100% starfi stýrir stoðþjónustu skólans. Sérkennarar mynda síðan ásamt deildarstjóra sérkennslu og náms- og starfsráðgjafa stoðteymi skólans. Stoðteymið vinnur mjög þétt saman og eru í miklu samstarfi og samtali. Það heldur sérstaklega utan um stoðþjónustuna og er öðrum kennurum til ráðgjafar svo og aðstandendum þegar það á við. Núverandi deildarstjóri kom að skólanum sl. haust, hún veitir að sögn aðstoð í sérkennslunni, kemur mest inn til að kynnast krökkunum og fer um til að fylgjast með. Hún hefur séð um framkvæmd varðandi samræmdu prófin og allar undanþágur ásamt því að hún tekur þátt í mati og prófun á þroska og getu nemenda, lestrarprófum og slíku. Fundir eru vikulega í stoðteyminu til að fara yfir stöðuna.

Í stefnu skólans segir um stoðþjónustu að í Norðlingaskóla er litið svo á að öll kennsla eigi að vera sérkennsla, enda skuli reynt eftir fremsta megni að tryggja að námsaðstæður og námsefni henti ávallt getu og áhuga hvers og eins nemanda. Í þessu tilliti eru því allir kennarar sérkennarar og í raun ekki þörf fyrir hugtakið sérkennsla, enda hafa allir nemendur sínar þarfir og áhugamál.

Til að ná því markmiði að veita hverjum og einum nemanda kennslu við hæfi, leggur skólinn metnað sinn í að hafa yfir að ráða góðum og breiðum hópi fagfólks. Hlutverk þessa fólks er að taka þátt í teymisvinnu og vera þátttakendur í aðlögun námsaðstæðna og námsefnis fyrir hvern og einn nemanda eða nemendahópa. Þau vinnubrögð eru í anda nýjustu hugmynda fræðimanna á þessu sviði sem vilja líta á alla sem sérstaka, og að auk þess að styðja nemanda í námi sínu þurfi að skoða skipulag og umhverfi og aðlaga það að þörfum einstaklinganna sem í því starfa (Starfsáætlun, stoðþjónusta).

Almenn úthlutun til sérkennslu er nýtt til að fækka nemendum á hvern umsjónarkennara í þeim tilgangi að auka þjónustu við nemendur. Stuðningsfulltrúar vinna inni í öllum nemendahópum, tveir með hverjum námshópi nema í 1. og 2. bekk. Þar er einn stuðningsfulltrúi og ½ kennari til stuðnings. Í hverju kennarateymi (um nemendahópana) er einn sérkennari. Hann sinnir sérkennslu í 80% starfi og ráðgjöf og greiningum í 20% starfi. Námsráðgjafi er í 100% starfi. Sérkennslan er skipulögð í kringum stigin og sérkennarar á hverju stigi skipuleggja og stýra stuðningsfulltrúum þar. Teymisfundir um stigin eru vikulega

og sitja sérkennarar þess stigs þá, auk þess eru haldnir fundir um málefni einstaklinga eftir þörfum. Að mati rýnihóps um sérkennslu þyrftu stuðningsfulltrúar að vera fleiri.

Stoðteymið hefur verið á ART námskeiði og er verið að innleiða ART þjálfun á öllum aldursstigum fyrir ákveðna nemendur. Hluti af stoðkerfi skólans er Klúbbaskóli, sem byrjað var á innleiða á vorönn 2013. Allir list- og verkgreinakennarar og umsjónarkennarar koma að þessu úrræði. Ákveðnir tímar eru teknir frá og fara annars vegar valdir einstaklingar í úrræðið yfir lengri tíma og einnig svokallaðir flakkarar sem koma og fá að njóta með hinum á skipulagðan hátt. Tilgangurinn er að vinna samkvæmt hugmyndum skóla án aðgreiningar og koma í veg fyrir einangrun nemenda. Klúbbaskólinn er fyrir öll aldursstig og nemendur með margvíslegan vanda eða þarfir og lögð er áhersla verklegt nám og að styrkleikar þeirra nýtist. Hópurinn er því ekki einsleitur. Umsjónarkennarar, foreldrar, stoðteymið og nemendur sjálfir geta sótt um að komast í Klúbbaskólann.

Erfiðasti vandinn sem starfsfólk skóla tekst á við í dag er hegðunarvandi og félagsleg vandamál. Góð tenging er milli skóla, frístundar og félagsmiðstöðvar. Í gang er að fara samvinna við félagsmiðstöð vegna erfiðleika í hópi nemenda á miðstigi og í unglingahópnum og mun félagsmiðstöðin koma að Klúbbaskólanum.

Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu kom fram að teymisfundir vegna einstakra nemenda eru tvisvar á önn. Sérkennarar halda utan um þá fundi og rita fundargerð. Fundað er með foreldrum allra nemenda með sérþarfir. Þátttakendur í rýnihópnum voru sammála um að það væri mikið álag og tímafrekt, „Foreldrar eru svo góðu vanir með samstarf þegar skólinn var minni en nú er þetta orðið stundum allt að sligandi...það líður langur tími fram á haustið þangað til búið er að funda með öllum foreldrum sem eiga barn með sérþarfir“.

Meginhlutverk stuðningsfulltrúa er fylgjast með og aðstoða þar sem þarf en líka að „koma inn sem bara félagi, spyrja um líðan og þannig“. Sumir fylgja meira einum nemanda sem er með miklar sérþarfir, t.d. úti, í list- og verkgreinum og til að styrkja félagslega og í samskiptum við aðra nemendur.

Ýmsar skimanir eru notaðar til að leita markvisst að nemendum sem þurfa stuðning í námi. Ef upp kemur grunur um sérþarfir þá koma umsjónarkennarar til sérkennara á því aldursstigi og fá ráð og svo þegar teymisfundur er á stiginu þá er greiningarferli ákveðið sameiginlega þar, segir í rýnihópi um sérkennslu. Sérkennari inni í námshópum kemur líka oft auga á nemendur sem þarf að skoða betur. Ákvörðun um aðstoð er tekin innan stigsteymanna en sé þörf fyrir greiningu eða frekari stuðning fer málið á sérkennsluteymisfund og svo í nemendaverndarráð, þar er óskað eftir greiningarferli og afhent umsókn til þjónustumiðstöðvar. Mikill styrkur er að hafa námsráðgjafa í 100% starfi, en að mati rýnihópsins vantar að sálfræðingar séu starfandi innan skólanna.

Unnið er að mótun heildaráætlunar um sérkennslu í skólanum, en stefna og lýsing á skipulaginu er á heimasíðu. Skipulag er einnig vel kynnt á foreldrafundum. Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir liggur ekki fyrir.

### **Einstaklingsnámskrár**

Einstaklingsnámskrár/einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá. Sérkennarar bera ábyrgð á gerð, þeirra í samráði við foreldra sem býðst að koma með athugasemdir og umsjónarkennara sem „skrifa undir með okkur“. Þær eru endurskoðaðar á annarskilum en oftast ef þarf.

### **Aðstaða og aðbúnaður**

Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu voru ánægðir með aðstöðuna í skólanum, „við fáum yfirleitt það sem við óskum eftir“. Þó kom fram að tölvukostur á miðstigi og yngsta stigi væri farinn að eldast. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu töldu að ípad væðingin í skólanum væri farin að ganga of langt, „Ef nemandi með sérþarfir kemur inn með bók þá er hann orðinn sérstakur, þetta er orðið of mikil áhersla í hina áttina“.

### **Námsaðstæður**

Nemendur eru teknir út úr námshópum ef þurfa þykir. Á hverju svæði eru næðisrými þar sem nemendur geta unnið í næði ef þau óska eftir því. Unglingastigið sækist mikið í að koma þangað að vinna, segir í rýnihópi, þau vilja sum fá að vinna í friði, sérstaklega stelpurnar sem „vilja þetta næði sem þau fá ekki alltaf þarna inni“.

### **Viðhorf og líðan:**

Nemendur eru mjög umburðarlyndir gagnvart þeim sem víkja frá að mati rýnihóps „þau kippa sér ekki upp við neitt“ og sama gildir um viðhorf kennara. Þau telja að nemendum með sérþarfir líði mjög vel í skólanum „allt starfsfólk er lausnamiðað og leggur sig fram, en ábyrgðin er ekki á herðum eins eða tveggja“. Teymisvinnan er grunnur að þessu viðhorfi að þeirra mati „við erum ein heild“.

### **Upplýsingaflæði – samstarf**

Almennir kennarar leita til sérkennara í teyminu um aðstoð og ráðgjöf og eru ánægðir með að geta gert það eftir því sem fram kemur í rýnihópi.

Samstarf við foreldra nemenda með sérþarfir er á ábyrgð umsjónarkennara og sérkennara. Teymisfundir vegna einstakra nemenda eru tvisvar á önn, sérkennari heldur utanum þá og gerir fundargerðir. Að sögn rýnihóps um sérkennslu er erfiðara að halda utan um þetta mikla samstarf við foreldra í stækkandi skóla og margir nemendur komnir inn sem þurfa aðstoð. Fundir stýra þannig mikið starfi sérkennara eftir hádegi „sem bitnar þá á undirbúningi“.

Að sögn rýnihóps um sérkennslu eru kröfurnar eru miklar hjá foreldrum sem vilja tryggja að barnið þeirra fái þjónustu. Þegar krakkar koma nýir inn eru foreldrar að kynnast skipulaginu á sérkennslunni og finnst kannski að barnið fái ekki þjónustu af því það er ekki tekið út úr hópnum, segir þar.

### **Ráðgjöf - þjónustumiðstöð**

Í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að skólinn sé að „fjarlægjast meira og meira þessa sérfræðinga sem við eigum að vera í samstarfi við“. Þjónustumiðstöð hafi of marga nemendur og fáa starfsmenn. Skólasálfræðingur sér aðeins um greiningar, segja þau en kemur ekki „inn á gólf og sér hvernig við erum að vinna með börnin“. Ráðgjöf er mikil innan kennarateymanna „ég fæ bara svo mikið frá kennurum hér“, þannig að þeim finnst minni þörf fyrir utanaðkomandi kennsluráðgjafa.

**Náms- og starfsráðgjafi** er í 100% starfi við skólann. Hlutverk hans er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í námi og persónulegum málum. einnig að veita nemendum ráðgjöf og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf. Hann er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra (Starfsáætlun, náms- og starfsráðgjöf).

**Nemendaverndarráð** Norðlingaskóla starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjórn til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð fundar einu sinni í viku. Farið er með allar persónulegar upplýsingar sem ræddar eru á fundum ráðsins sem trúnaðarmál. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu sem stýrir fundum, skólasálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, og námsráðgjafar (Heimasíða, stoðþjónusta). Sérkennarar teymanna sitja fundi þegar fjallað er um þeirra námshópa svo og umsjónarkennarar nemenda.

#### **Það sem vel er gert:**

- Sérkennarar mynda ásamt deildarstjóra sérkennslu og náms- og starfsráðgjafa stoðteymi skólans.
- Í stefnu skólans segir um stoðþjónustu að í Norðlingaskóla er litið svo á að öll kennsla eigi að vera sérkennsla.
- Sérkennslan er skipulögð í kringum stigin og sérkennarar á hverju stigi skipuleggja og stýra stuðningsfulltrúum sem vinna með öllum nemendahópum.
- Skimanir eru markvisst nýttar til að finna nemendur sem þurfa stuðning.
- Verið er að innleiða ART þjálfun á öllum aldurstigum fyrir ákveðna nemendur
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá, þær eru endurskoðaðar reglulega.
- Ánægja er með aðstöðu til sérkennslu í skólanum.
- Almennir kennarar geta leitað til stoðteymis um ráðgjöf.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Mikið álag er á sérkennara í byrjun hvers skólaárs vegna fundarhalda með foreldrum barna með sérþarfir.
- Að mati rýnihóps um sérkennslu þyrftu stuðningsfulltrúar að vera fleiri.
- Leita þarf leiða til að takast á við hegðunarvanda nemenda.
- Endurnýja þarf tölvukost fyrir nemendur á yngsta og miðstigi.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir liggur ekki fyrir.

### **Skólaþróun og mat**

Mikil áhersla hefur frá stofnun skólans verið lögð á þátttöku alls starfsfólks í markvissum þróunarverkefnum með það að markmiði að auðga skólastarfið, stuðla að nýbreytni og efla samvinnu þeirra sem koma að skólanum.

Á þessu skólaári er unnið að nokkrum formlegum þróunarverkefnum. **Sambættingu** á starfi grunnskóla, leikskóla og frístundar í Norðlingaholti, verkefnið miðar að því að efla faglega samvinnu starfsfólks og stuðla að nemendur blandist í starfi á skipulögðum starfstíma grunnskóla. Skrefi frammar sem snýst um að þróa áfram sveigjanlega kennsluhætti í opnum rýmum. **GERT** sem er samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og ákveðinna skóla, þar á meðal Norðlingaskóla. Verkefnið snýst um að koma á faglegu samstarfi milli skóla og atvinnulífs. **Spjaldtölvur í Norðlingaskóla** er samstarfsverkefni skólans og stofnana og fyrirtækja um notkun spjaldtölva í námi.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum sem flest hafa fest sig í sessi í skólastarfinu, má þar nefna einstaklingsmiðað námsmat, útfærsla á smiðjum, samstarf við leikskólann, útinám í Björnslandi og breytt viðmiðunarstundaskrá. Á heimasíðunni má jafnframt nálgast skýrslur um nokkur þeirra þróunarverkefna sem unnið hefur verið að í Norðlingaskóla.

Í Norðlingaskóla er að sögn stjórnenda og kennara í rýnihópum hafin vinna að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, almenna hlutanum og margt af því sem þar er komið inn í námskrá skólans. Vinna við greinanámskrár og aðlögun að nýjum áherslum þar er framundan á komandi skólaári. Í rýnihópi kennara á unglingastigi kom fram að námskráin er í formi *merkja* í hverri námsgrein og reynt hefur verið að taka mið af nýrri aðalnámskrá við gerð þeirra.

Að mati foreldra í rýnihópi einkennir mikill áhugi starf skólans, „starfsfólk er ráðið inn til að taka þátt í starfinu og af áhuga“. Fram kom hjá stjórnendum að þessi áhugi er styrkleiki skólans og þau eru öll „á bullandi kafi í skólaþróun“ og „maður verður bara að læra að elska það!“. Kennarar í rýnihópum taka undir það að mikil skólaþróun sé í gangi bæði formleg og stýrð af stjórnendum en líka sjálfsprottin verkefni hjá kennurum.

### **Innra mat - umbótaáætlun**

Þegar sjálfsmat/innra mat Norðlingaskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2009 uppfyllti skólinn bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats að fullu.

Á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir innra mati, matsteymi skólans, matsáætlunum og sjálfsmatsskýrslu. Í matsteymi sitja auk skólastjórnenda tveir fulltrúar starfsmanna, fulltrúi foreldra og fulltrúi nemenda.

Matsáætlun Norðlingaskóla nær yfir skólaárin 2012-2015, í henni kemur fram hvaða þættir verða metnir, hvenær og hverjir koma að því mati. Matið byggist að mestu á rýnihópafundum og matsfundum starfsfólks og nemenda og foreldra ásamt úrvinnslu úr samtölum við aðila skólasamfélagsins og ýmsum gögnum sem varða skólahaldið. Áætlað er að á þriggja ára tímabili náist að kanna viðhorf skólasamfélagsins til allra þátta skólastarfsins.

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið, hún er unnin í Skólaspeglinum og tekur til allra þátta skólastarfsins. Settar eru fram níu matsspurningar sem leitað er svara við, þær snúa að nemendum, líðan þeirra og framförum, fagmennsku og metnaði kennara, einstaklingsmiðun náms, starfsanda, upplýsingastreymi og stefnu og stjórnun. Í lok skýrslunnar eru dregnir fram sterkir og veikir þættir í skólastarfinu. Fram kemur að unnið er að umbótaáætlun og beðið er niðurstaðna heildarmatsins inn í þá vinnu.

Umbótaáætlun Norðlingaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið, hún kallast skólaþróunaráætlun og er það rökstutt þannig að skólastarfið hefur verið í mótun og um að ræða frumvinnu í skólaþróun fremur en umbætur. Í áætluninni eru tilgreind verkefni sem unnið var að á skólaárinu, markmið, lýsing, tími og mæling eða mat, einnig kemur fram hver bar ábyrgð á verkefninu. Tilgreind eru alls 12 verkefni sem unnið var að á sl. ári.

Í rýnihópum kemur fram að allir aðilar skólastarfsins taka þátt í innra mati skólans „við erum með matsfundir þar sem fólk er búið að skrifa niður eitthvað tvennt sem er í góðu lagi og eitthvað tvennt sem má laga“, slíkir fundir eru þrisvar á ári „þar sem allir koma með sína punkta, koma undirbúnir fyrir þann fund“. Að sögn kennara á unglingastigi var síðasta vor haldinn fundur með nemendum í 9 og 10. bekk „þar sem allt var undir... við erum eins og ríkisstjórn sem er bundin af þingi nemenda“.

### **Það sem vel er gert:**

- Mikil áhersla hefur frá stofnun skólans verið lögð á þátttöku alls starfsfólks í markvissum þróunarverkefnum.
- Mikill faglegur metnaður og áhugi einkennir skólastarfið.

- Á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir innra mati, matsteymi skólans, matsáætlunum og sjálfsmatsskýrslu.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið, hún er unnin í Skólaspeglinum og tekur til allra þátta skólastarfsins.
- Allir aðilar skólastarfsins taka þátt í innra mati skólans.
- Umbótaáætlun Norðlingaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið.

#### Tækifæri til umbóta:

- Útfæra nýja umbóta-/skólaþróunaráætlun sem byggir á innra mati skólans og niðurstöðum heildarmats.

### **Virk upplýsingamiðlun**

Í Norðlingaskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is notað til upplýsingamiðlunar, mest með tölvupósti, en einnig fara upplýsingar í gegnum Námfús samskiptakerfið og heimasíðu. Kennarar miðla til foreldra því sem helst er á döfinni í hverri viku í föstudagspósti og skólastjóri sendir reglulega bréf og tilkynningar varðandi skólastarfið.

Í foreldrakönnun 2012 sögðust 85% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum, sem er yfir meðaltali Reykjavíkur (78%). Um 94% svarenda voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla. Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (80%) var svipuð og í skólum borgarinnar í heild (82%) en ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk (74%) er meiri en hjá heild skóla (65%).

Í rýnihópi foreldra kom fram að farið er yfir allt sem máli skiptir í vorskólanum, skólaboðunardegi og námskynningum á haustin. Foreldrar viti alveg að hverju þeir gangi og námskynningin sé aðgengileg á heimasíðunni ef foreldri missir af henni. Foreldrar sögðu frá vikulegum tölvupósti þar sem farið væri yfir vikuna og hvað væri framundan. Ef hins vegar eitthvað komi upp á þá sé hringt en ekki sent í tölvupósti. Svo séu samráðsfundir foreldra, nemanda og kennara þar sem farið er yfir skólastarfið frá síðasta fundi. Reynt er að koma inn á jákvæða hluti og frekar komið með ábendingar en skammir, á Mentor er líka skrifað hrós.

Fram kom í rýnihópum og viðtölum að upplýsingastreymi í skólanum væri mjög gott. Það er í ágætu samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna 2013, þar sem fullyrðingin *Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt og/eða vinnustað* er með gildið 7,6, sem er nokkur hækkun frá 2011 þegar það var 7,1. Fréttabréf skólans, Trausti, kemur út mánaðarlega. Þar er yfirlit yfir mikilvægar dagsetningar í hverjum mánuði, upplýsingar um viðburði og það sem er að gerast í skólanum og hvaða starfsmenn eiga afmæli. Skólastjóri sagði í viðtali að stjórnendur sendu út „traustvekjandi tilkynningar“ til starfsmanna einu sinni í viku með upplýsingum um hvað er að gerast næstu vikuna. Auk reglulegra starfsmannafunda, kennarafunda og teymisfunda nota stjórnendur tölvupóst mikið til að miðla upplýsingum. Auk þess boða stjórnendur stundum til styttri funda ef þarf að koma ákveðnum upplýsingum á framfæri, að því er fram kom í viðtali við skólastjóra, „við erum oft með uppákomur, konfektkaffi á kaffistofunni eða eitthvað. Þá kaupir maður mackintosh-dós og fer yfir ákveðna þætti...“.

### **Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir**

Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um stefnu skólans, starfsemi hans frá stofnun og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi. Fram kemur að unnið er að endurskoðun skólanámskrár og aðlögun að aðalnámskrá 2011. Fram kemur á heimasíðu að almennur hluti

skólanámskrárinnar hefur að mestu verið aðlagður nýrri aðalnámskrá en greinanámskrár séu í vinnslu.

Upplýsingar um flest það sem birtast á í skólanámskrá skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011 er að finna á heimasíðu að því undanskildu að áætlanir um öryggis- og slysavarnir vantar svo og móttökuáætlun og tilfærsluáætlun fyrir nemendur með sérþarfir (Sjá nánar í meðfylgjandi gátlista um skólanámskrá í fylgiskjali 4).

Starfsáætlun Norðlingaskóla fyrir skólaárið 2013-2014 er birt á heimasíðu skólans. Allar umbeðnar upplýsingar koma fram í starfsáætlun Norðlingaskóla sem farið er fram á og taldist hún í fullu í samræmi við grunnskólalög nr.91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur þegar hún var yfirfarin á fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði sl. vor (sjá nánar í meðfylgjandi gátlisti um starfsáætlun í fylgiskjali 5).

Námsvísa eða námsáætlanir nemenda er ekki að finna á heimasíðu skólans en fram kemur að kennslu- og námsáætlanir, markmiðssetning námsgreina, námsmat og samfella í námi verður unnin á komandi skólaári samhliða innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Við matið liggja fyrir námslýsingar fyrir alla árganga á yngsta og miðstigi. Þar er fjallað um kennsluhætti, námsþætti, námsgögn og námsmat eftir bekkjum og námsgreinum. Námslýsingar fyrir unglingastig lágu ekki fyrir þegar matið fór fram en búrast þegar kallað var eftir þeim. Þar koma fram viðfangsefni og námsefni fyrir ákveðin tímabil (merki) eftir námsgreinum. Nemendur hafa aðgang að þessum upplýsingum undir merkjunum á netinu.

Allir nemendur skólans gera einstaklingsbundnar námsáætlanir sem kölluð eru áform. misjafnt er eftir árgöngum til hversu langs tíma er áformað, viku eða hálf mánaðar. Í flestum hópum í 1.-7. bekk fara áformsdagar þannig fram að nemendur hitta umsjónarkennara sína og fara yfir hvernig gekk í síðustu viku og ákveða hvað þeir ætla að gera í komandi viku. Farið er yfir hvaða markmiðum nemendur ætla að ná og skoðað hvort það eru einhver atriði sem þarfnast útskýringa. Svo að þetta megi verða sem markvissast hafa nemendur aðgang að námsáætlunum í greinunum þar sem fram koma markmið og leiðir og hvaða námsefni megi nota til að ná þeim (Heimasíða, áform). Fremst í áformsbókum koma fram markmið námsgreina fyrir árganginn sett fram sem matskvarði: Ég get... þannig geta nemendur sjálfir og foreldrar lagt mat á námslega stöðu.

Einstaklingsnámskrár/einstaklingsáætlanir eru unnar fyrir nemendur með sérþarfir og eru þær unnar í samvinnu sérkennara og umsjónakennara og síðan bornar undir foreldra.

Samkvæmt könnun á viðhorfum foreldra 2012 hafa 14% foreldra í Norðlingaskóla tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu sínu sem er undir meðaltali skóla í borginni í heild. Umhugsunarvert að foreldrum sem svara að þeir hafi tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu sínu fækkar nokkuð frá því að könnunin var síðast lögð fyrir árið 2010, eða úr 29% í 14%. Aðspurðir um hversu mikilvægt eða lítilvægt þeim finnst að gera námsáætlun með barninu sínu svara 41% því til að þeim finnst það mikilvægt. Þá svöruðu 24% foreldra að þeir myndu vilja hafa meiri áhrif á nám barnsins síns en þeir hefðu og 76% að þeir vildu hafa svipuð áhrif.

## **Heimasíða**

Heimasíða Norðlingaskóla er aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega. Þar er að finna nær allar upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist.

Upplýsingar eru á síðunni um skólann, stefnu hans og markmið, skólanámskrá og starfsáætlun, skólareglur og viðbrögð við agabrotum, skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag, sérkennslu, móttöku innflytjenda, þróunarverkefni og mótuneyti svo eitthvað sé nefnt. (sjá frekar í fylgiskjali nr. 6: Gátlisti um heimasíðu). Einnig eru á heimasíðu ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um starfshætti skólans og sérstöðu.

Í foreldrakönnun 2012 voru um 94% svarenda ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla.

#### **Það sem vel er gert:**

- Í foreldrakönnun 2012 sögðust 85% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum.
- Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingastreymið.
- Skólanámskrá, almennur hluti og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.
- Almennur hluti skólanámskrár hefur að mestu verið aðlagður nýrri aðalnámskrá en greinanámskrár séu í vinnslu.
- Upplýsingar um flest það sem birtast á í skólanámskrá skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011 er að finna á heimasíðu.
- Ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um starfshætti skólans eru á heimasíðu.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem eru á heimasíðu skólans.
- Starfsáætlun uppfyllir að öllu leyti umbeðnar upplýsingar.
- Allir nemendur skólans gera sér einstaklingsbundnar námsáætlanir/ áform.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Birta í skólanámskrá áætlanir um öryggis- og slysavarnir svo og móttökuáætlun og tilfærsluáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Birta námsvísa/ námsáætlanir á heimasíðu.
- Vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun um foreldrasamstarf til að auka aðkomu foreldra að markmiðssetningu um nám nemenda, en færri foreldrar segjast í foreldrakönnun 2012 hafa gert námsáætlun með barni sínu en árið 2010.

### **Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi**

Í Norðlingaskóla hefur verið unnin forvarnarstefna þar sem meðal annars koma fram markmið sem snúa að samskiptum og líðan nemenda, lífsstíls, heilbrigðis, vímuvarna og frávíkshæðunar auk þess sem skólinn leggur mikla áherslu á gott foreldrasamstarf sem lykilatriði í forvörnum.

Skólinn er hefur tekið þátt í Grænánámskrá og unnið að grænum skrefum og mótun umhverfisstefnu frá árinu 2005. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála þar sem áhersluatriði í umhverfisvernd koma fram. Ennfremur er starfandi umhverfisnefnd þar sem nemendur eiga m.a. sæti.

Í skólanum er starfandi áfallaráð sem gerir vinnuáætlun svo bregðast megi fumlautst voð þegar áföll verða. Í áfallaáætlun eru tilgreind viðbrögð við alvarlegum slysum og veikindum, langvinnum sjúkdómum og andláti nemenda, aðstandenda eða starfsfólks og aðstandenda.

#### **Öryggisþættir**

Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum. Rýmingaráætlun er haldin árlega. Ennfremur liggur fyrir viðbragðsáætlun vegna óveðurs.

Við matið liggur fyrir vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins sem farið var yfir í september 2013. Einnig aðgerðaráætlun þar sem talin eru upp í 10 liðum atriði sem þarfnast úrbóta,



meðal þess sem tilgreint er hlífðarbúnaður í smíðastofu og útsog í efnafræðistofu og smíðastofu. Áætlað er að lagfæringu verði lokið við árslok 2013.

Öryggisnefnd starfar við skólann og fundar eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Nefndin tekur þátt í gerð áhættumats og fylgir því eftir.

**Það sem vel er gert:**

- Í Norðlingaskóla hefur verið unnin forvarnarstefna.
- Skólinn er hefur tekið þátt í Grænfánaverkefni.
- Í skólanum er starfandi áfallaráð.
- Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum.
- Rýmingaræfing er haldin árlega.
- Öryggisnefnd starfar við skólann

**Engin sérstök tækifæri til umbóta koma fram í þessum þætti.**

## Mannauður

### **Starfsánægja og líðan á vinnustað**

Í skólanum starfa 90 starfsmenn skólaárið 2013-2014 í um 78 stöðugildum, þar af 42 kennarar í 41 stöðugildi, 19 starfsmenn í frístund í 9-10 stöðugildum og 29 aðrir starfsmenn í 27 stöðugildum.

Norðlingaskóli hefur komið vel út í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár. Í nýjustu viðhorfskönnuninni sem gerð var vorið 2013 mælast viðhorf starfsmanna almennt fremur jákvæð og jákvæðari í 12 af 18 meginþáttum sem spurt var um en í könnuninni árið 2011<sup>5</sup>. Fullyrðingin *Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu* fékk gildið 8,4 og hækkaði úr 8,1 frá 2011.<sup>6</sup> Fullyrðingin *Það er góður starfsandi á mínum vinnustað* fékk gildið 8,1 og lækkar um 0,5 frá fyrri könnun 2011. Fullyrðingin *Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns* lækkar einnig lítillega, er nú með gildið 8,7 en var 8,9 í síðustu könnun. Um 89% svarenda eru sammála því að þeir hafi sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsfólk er almennt mjög ánægt í störfum sínum í skólanum, starfsandi er góður og samstarfið gott, „Mikil jákvæðni, mikið grín og glens og bara gaman“, sagði kennari. Í viðtali við skólustjóra og í rýnihópum kom fram að starfsmannahópurinn hefur stækkað mjög hratt á síðustu árum og haustið 2013 byrjuðu um 25 nýir starfsmenn í skólanum. „Stóri hópurinn líður fyrir það að hópurinn hefur stækkað ofboðslega hratt, tvöfaldast, á tveim, þrem árum og frístundin kom inn. Hann var þéttari fyrst...“. Starfsmannafélagið Hrókurinn er starfandi innan skólans og stendur fyrir ýmsum uppákomum, s.s. jólahlaðborði, árhátíð, haustfagnaði og vorhátíð. Í upphafi skólaárs hefur starfsmannahópurinn farið saman í gönguferð, til að þetta hópurinn og gefa nýliðum og eldra starfsfólki færi á að kynnast betur.

Hlutfall karlkyns starfsmanna í skólanum er um 28% sem er hærra en almennt í grunnskólum borgarinnar. Karlaklúbbur er starfandi í skólanum, „þeir hópast svolítið saman, strákarnir, og taka mjög vel á móti nýjum karlstarfsmönnum“, að sögn þátttakenda í rýnihópi kennara á yngsta stigi. Kennarar á miðstigi í rýnihópum sögðu að hópurinn næði vel saman, „Það er engin skipting á milli karla og kvenna á kaffistofunni, þegar við komum öll saman blöndumst við rosa vel saman, líka frístundin“. Fram kom í rýnihópum að erfiðara væri að ná öllum konunum saman í „konuklúbb“ en þó hefði verið haldið konukvöld í haust sem var mjög vel sótt. Á föstudögum er hreyfistund fyrir starfsmenn, sem upphaflega byrjaði sem karlafótbolti, en konurnar hafa nú slegist í hópurinn og stefnt er að því að hópurinn taki þátt í blakmóti öldunga í vetur, að því er fram kom í rýnihópi kennara á miðstigi.

Yfirmaður mótuneytis sagði að húsvörður, íþróttakennarar, tónlistar- og danskennarar, sem allir hafa vinnuástöðu nálægt eldhúsinu, kæmu oft þangað í kaffipásu og mikill samgangur væri við þá en annars kæmist starfsfólk eldhússins sjaldan í kaffi með öðru starfsfólki á kaffistofu. Þátttakendur í rýnihópum voru sammála um að engin stéttaskipting væri í starfsmannahópnum, „hér eru allir hópar saman“. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að það ætti

<sup>5</sup>Svarhlutfall í könnuninni var 63% árið 2013.

<sup>6</sup>Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 8,0 eða hærra, starfhæft bil 6,0-7,9 og aðgerðabil 5,9 eða lægra.

líka við um erlenda starfsmenn, „enginn skilinn út undan hér“ en þó væru þeir starfsmenn sem tala litla íslensku dálítið einangraðir.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að vel væri tekið á móti nýjum starfsmönnum, „Allir svo glaðir og taka vel á móti þegar maður kemur svona nýr inn. Ég var sett vel inn í hlutina, hef líka alltaf teymið mitt og svo fær maður sinn mentor. Þau hafa verið mjög upplýsandi og taka vel á móti manni“, „Rosalega vel tekið á móti manni, maður hélt að þetta væri bara eitthvað leikrit, ...maður bara spurði og ekkert mál“. Þetta er í ágætu samræmi við það sem fram kemur í viðhorfskönnuninni 2013 en 98% svarenda voru sammála fullyrðingunni *Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki*. Hins vegar taldi aðeins helmingur svarenda að nýir starfsmenn fengju nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma, en 18% voru ósammála því.

Þegar spurt var í rýnihópum og viðtölum hverjir væru helstu styrkleika skólans var þetta nefnt:

- Starfsfólkið
- Mjög góður starfsandi
- Skemmtilegur vinnustaður
- Metnaðarfullt skólastarf
- Jákvætt viðhorf gagnvart börnum og foreldrum
- Glaðir og skemmtilegir nemendur
- Fagleg vinna í stoðteyminu
- Sveigjanleiki í skólastarfinu og starfsmenn eru opnir fyrir nýjungum
- Fagleg sýn kennara
- Teymisvinnan
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Stundaskráin tekur mið af þörfum nemenda, nemendum er mætt á þeirra forsendum
- Skólabyggingin falleg og vel hirt
- Skólaboðunarheimsóknir til nemenda

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Mikið álag á skólaliða og starfsfólk í eldhúsi
- Eldhúsið allt of lítið og vinnuástaðan þar þröng og erfið
- Enn á eftir að ganga frá ýmsu í húsinu og það lekur sumstaðar
- Gluggar á íþróttahúsinu og mikið af hvössum hornum sem eiga ekki við
- Skólaviðmiðin mættu vera sýnilegri
- Finna þarf leið til að hafa meiri aga, sérstaklega á göngum
- Mætingarskráningar eru mjög flóknar
- Mikið álag fylgir frelsinu
- Hætt við að skólinn fái það orð á sig að sérhæfa sig í „erfiðum“ nemendum og nemendahópurinn verði þá einsleitari
- Mætti vera meiri samgangur á milli teyma

## Samstarf

Í viðhorfakönnun 2013 fékk fullyrðingin *Samvinna er góð á mínum vinnustað* gildið 8,6 og 93% svarenda voru sammála fullyrðingunni *Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli*. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að samstarf í skólanum er mikið, einkum milli þeirra sem vinna saman í teyllum, en að sögn skólastjóra er teymishugsun alls staðar í skólanum.

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Fundaplan fyrir skólaárið liggur fyrir og allir starfsmenn fá það útprentað. Allir kennarar eru að vinna til kl. 16 alla daga svo auðvelt er að hafa óformlega fundi ef þarf, sem er mikill kostur að mati kennara í rýnihópum „alltaf aðgengi að starfsmönnum, maður veit að allir kennarar eru á staðnum“.

Starfsmannafundir fyrir allan starfsmannahópinn eru einu sinni í mánuði á miðvikudögum og kennarafundir eru einnig haldnir mánaðarlega. Dagskrá er send út fyrir fundi. Fundargerðir eru skráðar og liggja frammi í möppu á kaffistofu starfsmanna, að því er fram kom í rýnihópi starfsfólks. Þátttakendur í rýnihópi kennara á yngsta stigi sögðu að mikið væri um fundi í skólanum, en þeim hefði þó fækkað frá því sem áður var. Fundirnir væru yfirleitt gagnlegir, sérstaklega teymisfundirnir, sem væru mjög dýrmætir og mættu jafnvel vera fleiri.

Allt starfsfólk skólans vinnur í teyllum og sumir eru í fleiri en einu teymi. Umsjónarkennarar hvers námshóps, ásamt sérkennurum og stuðningsfulltrúum, mynda umsjónarteymi en fjögur slík eru í skólanum, tvö teymi eru á yngsta stigi (1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur), eitt á miðstigi og eitt á unglingsstigi. Verk- og listgreinakennarar eru í einu teymi, dans- og íþróttakennarar í öðru, deildarstjóri sérkennslu, sérkennarar og náms- og starfsráðgjafi mynda stöðteymi skólans, skólalíðar, skrifstofustjóri, húsvörður og yfirmaður mötuneytis eru saman í teymi, starfsmenn frístundar mynda teymi og stjórnendateymi skólans samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum. Öll teymi eru með fasta fundi á þriðjudögum en ekki eru formlegir fundir umsjónarteyma milli stiga. Flest teymin skrifa fundargerðir í sérstaka fundargerðabók. Á teymisfundum er m.a. rætt um skipulag námsins eða málefni einstakra nemenda. Í rýnihópum og viðtölum kom fram mikil ánægja með teymisvinnuna, „það er rosalega gaman að vinna í teymi... þú ert aldrei einn, ábyrgðin er aldrei bara á þér af því að við erum alltaf saman“, „teymisvinnan er alveg frábær... hún skapar samheldni í árganginum, við erum mörg sem komum að hverjum árgangi, já, mér finnst einhvern veginn ríkja vinátta og umhyggja og virðing fyrir félögunum... samkennd, maður kynnist fólki öðruvísi“. Kennarar í rýnihópum á yngsta stigi sögðu að róðurinn hefði verið aðeins þyngrri í 1.-2. bekkjar teyminu, en þó væru fleiri kostir við teymisvinnuna en gallar.

Ekki eru formlegir fundir á milli umsjónarteyma á mismunandi stigum og í öllum rýnihópum kennara kom fram ósk um að meira samstarf væri á milli teyma, „var meiri samvinna þegar við vorum í skúrunum og mörg teymi í sama vinnurými“. Hvert umsjónarteymi hefur vinnuaðstöðu í sínu kennslurými og í rýnihópi kennara á yngsta stigi kom fram að húsnæðið hefði áhrif á samstarfið, „Mér finnst grúppast saman eldri barna kennarar og yngri barna kennarar. Yngri börnin eru niðri og eldri uppi, það mætti vera meiri blöndun“.

## Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni sem lögð var fyrir 2013 eru tvær fullyrðingar sem mæla viðhorf til aðbúnaðar og vinnuaðstöðu: *Vinnuaðstaða mín er góð* og *Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf*. Báðar fullyrðingarnar koma betur út nú en í könnuninni 2011. Um 86% svarenda voru sammála því að þeir hefðu aðgang að nauðsynlegum gögnum og tækjum og 82% voru sammála því að vinnuaðstaðan væri góð. Þessar spurningar koma mun betur út í Norðlingaskóla en í öðrum grunnskólum borgarinnar, spurningin um vinnuaðstöðu er með gildið 6,5 að meðaltali í grunnskólum borgarinnar, en 8,3 í Norðlingaskóla og munurinn er sá sami þegar spurt er um aðgang að gögnum og tækjum.

Kennarar á miðstigi í rýnihópi voru ánægðir með vinnuaðstöðuna en nefndu að það vantaði kannski stundum stað til að vera í næði ef það þarf að tala í símann. Almennu voru kennarar í rýnihópum ánægðir með aðstöðu og búnað, „góður aðbúnaður hérna og hann er örugglega betri heldur en hjá mörgum öðrum skólum“.

Í rýnihópum starfsfólks og kennara og viðtölum við húsvörð og yfirmann mötuneytis kom fram að þó að skólabyggingin sé ný og að mörgu leyti mjög góð væri ýmsu ábótavant. Vinnuaðstaða skrifstofustjóra er allt of þröng og ekki hefur verið gert ráð fyrir aðstöðu til að

geyma pappíra og önnur gögn. Laga þarf bókasafnið og fá þar inn húsgögn sem henta, að mati kennara á miðstigi í rýnihópi. Eldhúsið er allt of lítið, þurrefnageymslan er eitt lítið horn og frystiskápar eru of fáir og of litlir. Húsnæðið setur starfseminni þröngar skorður, ef vel ætti að vera þyrftu að vera fleiri starfsmenn í eldhúsinu en þeir fjórir sem þar eru núna komast varla allir fyrir, „við skiptum okkur niður á fjórar vinnustöðvar til að vera ekki alltaf að þvælast fyrir hvert öðru og rekast á“. Stór rennihurð er á milli eldhússins og miðrymis og yfirleitt er opið þar á milli þannig að starfsfólk er í miklum daglegum samskiptum við nemendur.

Heilbrigðiseftirlitið hefur hins vegar gert athugasemdir við að of mikill umgangur utanaðkomandi sé um eldhúsið. Til stendur að eldhúsið fái skrifstofu húsvörðar til afnota næsta skólaár fyrir þurrefnageymslu og húsvörður fái aðstöðu nær íþróttasalnum. Í skoðunarferð með skólastjóra um skólann og í rýnihópi starfsfólks kom einnig fram að kennsluástaða fyrir heimilisfræði er of lítil og hentar illa, þar er t.d. ekki ástaða fyrir nemendur til að borða saman.

Í rýnihópi kennara á miðstigi kom fram að alvarlegir gallar væru á hönnun íþróttasalnar, þar eru mörg hvöss horn sem skapa slysaættu, léleg loftræsting og stórir gluggar alveg niður í gólf á salnum valda truflun, „íþróttahús eiga ekkert að vera með gluggum“. Ekki er heldur sundlaug við skólann og nemendur fara í rútu í Breiðholtsskóla til að fara í sundkennslu. Að sögn húsvörðar má ekki lengur geyma búnað sem ekki er í stöðugri notkun í kjallara skólans og ef eitthvað bilar eða setja þarf upp hillur eða annað á að kalla til iðnaðarmenn frá umhverfis- og skipulagssviði. Þessi aukna miðstýring er að mati húsvörðar bagaleg, því stundum þarf að bíða lengi eftir iðnaðarmönnum. Í viðtölum við húsvörð og yfirmann mötuneytis og í rýnihópi starfsfólks kom fram að mikið álag er á skólaliðum, bæði þeim sem vinna í mötuneytinu og þeim sem eru mest í þrífum, „álagið veldur togstreitu því við verðum að geta klára allt saman“. Ef einhver forföll eða veikindi verða er erfitt að komast yfir öll þriffin þar sem engin afleysing er fyrir skólaliðana sem því sinna.

## **Samantekt**

### **Það sem vel er gert:**

- Góður starfsandi og mikil samheldni í starfsmannahópnum.
- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki.
- Starfsmannafélag skólans er virkt og góð þátttaka er í viðburðum á þess vegum.
- Mikil ánægja er með teymisvinnuna og fyrirkomulag hennar.

### **Tækifæri til umbóta**

- Gæta þarf þess að viðhalda góðum starfsanda þó starfsmannahópurinn stækki hratt.
- Kennarar á öllum stigum kalla eftir auknu samstarfi milli umsjónarteyma og stiga.
- Mikil þrengsli í eldhúsi og erfið vinnuástaða.
- Auka þarf bókakost bókasafnsins og fá inn húsgögn við hæfi.
- Leita þarf leiða til að minnka álag á skólaliða og tryggja afleysingu fyrir þá ef forföll verða.

## **Símenntun og starfsþróun**

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4. mgr. segir ennfremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í

starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir ítarleg símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2013-2014. Þar er gerð grein fyrir ferlinum við gerð áætlunarinnar, á hverju símenntunaráætlunin byggir, þarfagreiningu starfsfólks, framkvæmd áætlunarinnar og áherslum í símenntun í skólanum á árinu. Yfirlit er yfir fyrirhugaða símenntun í hverjum mánuði yfir árið, hvað er í boði, hver sér um fræðsluna og fyrir hverja hún er ætluð. Megináherslur í símenntun fyrir áramót á skólaárinu 2013-2014 eru: þróun sveigjanlegra kennsluhátta í opnum rýmum, markvissara samstarf við foreldra, samþætting frístundar og smíðjuvinnu í tengslum við verkefnið „Dagur barnsins“, innleiðing spjaldtölva í kennslu, byrjendalæsi og PALS, samstarf við leikskóla um skógartengt nám nemenda, samræming á verklagi varðandi samskipti og agastjórnun, að styrkja jákvæðan starfsanda og skólamenningu og að festa Grænánaverkefnið enn frekar í sessi. Eftir áramót er megináhersla lögð á símenntun í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla og framhald á vinnu við gerð skólanámskrár. Einnig kemur fram í símenntunaráætlun að starfsmenn af erlendum uppruna eigi kost á að sækja íslenskunámskeið á skólaárinu. Skilgreindur tími er ætlaður fyrir símenntun alla mánudaga.

Í viðtölum og í rýnihópum kennara kom fram að mörg þróunarverkefni væru í gangi og á heimasíðu skólans er listi yfir helstu þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólanum. Dæmi um ný þróunarverkefni sem verið er að vinna að er samþætting á starfi grunnskóla, leikskóla og frístundar í Norðlingaholti, *Skrefi frammar*, sem er samvinnuverkefni með Ingunnarskóla, Sjálandsskóla, Akurskóla og Hraunvallaskóla um þróun kennsluhátta í opnum rýmum og *GERT* sem er tilraunaverkefni um að koma á faglegu samstarfi skóla og atvinnulífs til að efla verk- og tæknimenntun grunnskólanna.

Í viðhorfskönnun 2013 svöruðu 84% þátttakenda að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum en 66% svarenda töldu að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 95% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Um 68% taldi að viðtalið hefði verið gagnlegt, 25% hvorki né en 8% sögðu það ekki gagnlegt. Starfsþróunarsamtöl eru 2-3 á ári og skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipta þeim á milli sín. Starfsmenn fylla út undirbúningsblað fyrir samtalið og koma með í viðtalið. Í viðtali og rýnihópum starfsfólks og kennara á yngsta stigi kom fram ánægja með starfsþróunarsamtölin, „Stórglæsileg... fáum munnlega og skriflega endurgjöf, mjög flott“, „Allt sem að baki liggur er alveg til fyrirmyndar“, „Maður finnur að þau eru meðvituð um það sem maður er að gera, miklu meira en maður kannski gerir sér grein fyrir“ .

Starfslýsingar fyrir allt starfsfólk liggja fyrir við matið og eru kynntar fyrir starfsmönnum í upphafi skólaárs á haustin, að sögn skólastjóra. Í starfsmannastefnu Norðlingaskóla er m.a. fjallað um móttöku nýrra starfsmanna og viðbrögð við einelti og áreitni í starfsmannahópnum. Á heimasíðu skólans er Mannréttindastefna/jafnréttisáætlun Norðlingaskóla sem bæði nær til nemenda og starfsmanna. Um 91% svarenda í viðhorfskönnun 2013 voru sammála því að jafnrétti kynjanna væri virt á vinnustaðnum. Fullyrðingin gætt er jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað kom örlítið verr út viðhorfskönnuninni 2013 en 2011, og er með gildið 7,6 en var hæst með gildið 9,1 í könnuninni 2008.

### **Viðhorf starfsmanna til stjórnunar**

Í viðhorfskönnun starfsmanna 2013 mældust viðhorf til stjórnunar skólans jákvæð og heldur jákvæðari en í viðhorfskönnuninni 2011. Þær spurningarnar sem snúa að stjórnun koma betur

út í Norðlingaskóla en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali. Fullyrðingin *Ég ber traust til yfirmanns míns* fékk gildið 9,0 og hækkar úr 8,5 í síðustu könnun en 93% svarenda eru sammála henni. Fullyrðingin *Mínun vinnustað er vel stjórnað* fékk gildið 7,7, en 84% svarenda voru henni sammála. Um 91% svarenda voru sammála fullyrðingunni *Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum* og enginn var ósammála. Um 91% svarenda eru ánægð með samskiptin við yfirmann. Fullyrðingin *Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum* kemur betur út í könnuninni nú en 2011, fær gildið 8,5 en var 8,1.

Í rýnihópum og viðtölum var umræða um stjórnendur mjög jákvæð. Aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri og deildarstjóri sérkennslu eru með vinnuástöðu í opnu rými og skrifstofa skólastjóra er staðsett nálægt kaffistofu starfsmanna og er með glerveggi svo allir sjá þar inn. Það kom fram í rýnihópum kennara á öllum stigum og rýnihópi starfsfólks að allir stjórnendur væru sýnilegir í daglegu starfi og aðgengi að þeim væri mjög gott. „Þau eru á þessu opna rými... maður sér þau alltaf“. Húsvörður og matráður sögðust í viðtölum vera mjög ánægð með samskiptin og samstarfið við stjórnendur, þær væru kraftmiklar og það væri gott að leita til þeirra.

Af viðtölum og rýnihópum má ráða að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna og stjórnenda í Norðlingaskóla. Kennarar í rýnihópum af miðstigi og unglíngastigi töluðu um að það væri leyfilegt að gera mistök og læra af þeim, „Maður er ekki skammaður fyrir mistök heldur leiðbeint hvernig maður á að gera næst“. Kennarar á unglíngastigi sögðust finna að stjórnendur treysta þeim og gefa þeim svigrúm til að þróa starfið og þátttakendur í rýnihópi kennara á miðstigi töluðu líka um að þeir fengju mikla hvatningu og traust frá stjórnendum. Fram kom í rýnihópum að stjórnendur hvetja kennara til að koma með hugmyndir um starfið og starfsfólk í rýnihópi sagðist líka taka þátt í að móta þróunarverkefni og koma með hugmyndir. Fullyrðingin *Á mínum vinnustað er starfsfólk hvatt til að sýna frumkvæði* kemur líka vel út í viðhorfskönnuninni 2013, er með gildið 9,0 en 91% svarenda voru sammála og enginn ósammála.

Fram kom í rýnihópum nemenda á öllum stigum að þeir þekkja skólastjóran. Nemendur á yngsta stigi í rýnihópi sögðust helst sjá skólastjóran þegar hún kæmi inn í stofuna til þeirra og í söngstund á miðvikudögum. Stundum hrósaði hún þeim fyrir það sem þau væru að læra eða fyrir hegðun. Þau voru ekki alveg viss um hver aðstoðarskólastjórinn væri, hún kæmi ekki oft inn í kennslustofuna en væri þá oft með gesti með sér. Nemendur á miðstigi í rýnihópi þekktu bæði skólastjóra og aðstoðarskólastjóra vel og töldu að þau gætu leitað til þeirra með vandamál ef á þyrfti að halda. Nemendur á unglíngastigi í rýnihópi sögðu að stjórnendur kæmu oft til þeirra í unglíngadeildina og svo væru þeir líka alltaf á söngstund í skólanum á miðvikudögum. Kennarar í rýnihópi á yngsta stigi sögðu að skólastjórinn væri mjög vinsæll hjá þeirra nemendum, „Þegar Sif er að labba framhjá þá sogast þau alveg að henni... þau eru mjög hrifin af henni“.

Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru sammála um að gott væri að leita til stjórnenda, „Mjög gott aðgengi að stjórnendum og þau eru með tengiliði inn í teymin, maður nær alltaf á eitthvert þeirra... hafa mjög mikinn skilning á því sem að maður er að tala um... kem aldrei að lokuðum dyrum“. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks tóku í sama streng, „Leita mikið til þeirra, alls konar erindi, persónuleg og ekki... þær taka algjörlega eftir okkar störfum og það er ekki sparað hrósið eða knúsið hér!“ Það er í góðu samræmi við svör í viðhorfskönnuninni 2013 þar sem gildi fullyrðingarinnar *Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf* er 9,0 sem er veruleg hækkun frá fyrri könnun þegar gildið var 7,4. Þessi fullyrðing er með gildið 7,1 að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur.

Í öllum rýnihópum kennara kom fram að kennurum finnst stjórnendur duglegir að veita þeim endurgjöf á störf sín. Skólastjóri sagðist í viðtali gjarnan vilja gera enn meira af því að fara í kennslustundir en sagðist fara reglulega um húsið til að sjá hvar kreppi að, hvar þurfi meiri bjargir. Hún sagðist vera meðvituð um að hrósa fólki markvisst fyrir eitthvað sem innistæða er fyrir, „að segja fólki eitthvað sem að maður er ánægður með – og þá verður maður líka að hafa séð það...það þýðir ekki að hæla bara fyrir eitthvað sem heldur heldur að þau séu að gera, það missir algjörlega marks“.

**Það sem vel er gert:**

- Vönduð og ítarleg símenntunaráætlun liggur fyrir.
- Símenntun starfsmanna er ætlaður fastur tími í hverri viku.
- Mikil ánægja með starfsþróunarsamtöl.
- Í starfsmannastefnu Norðlingaskóla er m.a. fjallað um móttöku nýrra starfsmanna og viðbrögð við einelti og áreitni í starfsmannahópnum.
- Mannréttindastefna/jafnréttisáætlun skólans nær til bæði nemenda og starfsmanna.
- Mjög jákvætt viðhorf er til stjórnenda og mikil ánægja með samskiptin við þá.
- Stjórnendur eru mjög sýnilegir í daglegu starfi og aðgengi að þeim er gott fyrir nemendur og starfsmenn.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í Norðlingaskóla.
- Kennarar og starfsfólk finna fyrir trausti frá stjórnendum.

**Engin tækifæri til umbóta komu fram í þessum þáttum.**



## **Fjármál**

### ***Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun***

Í stefnukorti skóla- og frístundasviðs fyrir 2013 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Norðlingaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2013 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

### ***Fjárhagsleg staða skólans***

Heildarfjárheimildir Norðlingaskóla fyrir árið 2012 voru að upphæð 564.0 millj. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 565.7 millj. kr.

#### **Það sem vel er gert:**

- Norðlingaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2013 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Útgjöld árið 2012 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármuna.

## Greining

### Styrkleikar:

Stefna og sýn skólans er skýr og vel kynnt. Fjölbreyttir starfshættir einkenna skólastarfið og markvisst hefur verið unnið að innleiðingu og þróun þeirra. Foreldrar eru ánægðir með skólann og stjórnun hans. Metnaður og áhugi einkenna skólastarfið að mati þeirra. Starfsandi er góður og starfsmenn almennt ánægðir í starfi. Jákvætt viðhorf er til stjórnenda bæði meðal starfsmanna og foreldra. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið.

### Veikleikar:

Kvíði og vanlíðan nemenda er meiri en að meðaltali í sambærilegum skólum sérstaklega á unglíngastigi.

### Ögranir:

Gæta vel að starfsanda í ört stækkandi skóla. Hlutfallslega eru margir nemendur með sérþarfir í skólanum. Tryggja að unnið sé í samræmi við markmið aðalnámskrár í spjaldtölvuverkefni á unglíngastigi.

### Tækifæri:

Birta námsvísa greina og árganga á heimasíðu sem hluta af skólanámskrá. Efla og þróa spjaldtölvuverkefnið. Tryggja nemendum góðar námsaðstæður. Leita leiða til að bæta líðan og árangur nemenda. Efla samstarf kennara milli stiga.

## Samantekt:

### Skólastarf

#### Námsárangur

#### Það sem vel er gert

- Niðurstöður samræmdra prófa árið 2012 í 4. bekk voru vel yfir meðaltali Reykjavíkur, bæði í íslensku og stærðfræði.
- Framfarastuðull í 7. bekk sama ár sýndi eðlilegar framfarir í báðum greinum.
- Betri árangur var í niðurstöðum lesskimunar 2. bekkjar 2013 og 2012.

#### Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Huga að stærðfræði unglíngastigs þar sem framfarastuðullinn var lágur í 10. bekk (árið 2012).

### Stjórnun og skipulag

#### Það sem vel er gert

- Skólástjóri leggur mikla áherslu á að vinna með og festa í sessi ákveðna starfshætti í skólanum.
- Stjórnendateymið vinnur vel saman og hefur með sér skýra verkaskiptingu
- Allir starfsmenn skólans fara í skólaboðunarheimsóknir heim til nemenda
- Skólinn er í sterkum tengslum við nærsamfélagið
- Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn og skipurit skólans endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar

#### Engin sérstök tækifæri til umbóta komu fram í þessum þætti

### Nemendur og líðan

#### Það sem vel er gert

- Foreldrar telja líðan barna sinna í skólanum almennt góða.
- Skólinn tekur fljótt og vel á einelti að mati foreldra.
- Samband nemenda og kennara mælist marktækt betra en á landsvísu,

- Almennt eru spurningar um skóla- og bekkjaranda um eða yfir landsmeðaltali.
- Fulltrúar úr 8.-10. bekk Norðlingaskóla mynda stjórn nemendafélags, tveir úr hverjum árgangi, þeir eru kosnir beinni kosningu.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir beinni kosningu.
- Skólaviðmið uppfylla að nær öllu leyti það sem kveðið er á um í grunnskólalögum og í reglugerð um skólareglur, þau eru endurskoðuð reglulega.
- Foreldrum finnst agi í skólanum hæfilegur.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Fylgjast þarf vel með líðan nemenda í kjölfar slakrar niðurstöðu í Skólapúlsinum á sl. ári.
- Huga þarf sérstaklega að virkni stúlkna í skólanum en hún mældist að jafnaði töluvert undir landsmeðaltali.
- Huga þarf að því að nemendur á miðstigi taki þátt í starfi og stjórnun nemendafélagsins.
- Skólaviðmið mættu vera sýnilegri í skólanum.
- Taka markvissar á aga og hegðun í sameiginlegum rýmum.

#### **Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi**

##### **Það sem vel er gert:**

- Mikil ánægja var með skólann og stjórnun hans meðal foreldra barna í skólanum, ánægja foreldra með stjórnun skólans er vel yfir landsmeðaltali. Foreldrar voru að jafnaði ánægðari með nám og kennslu en foreldrar á landsvísu.
- Á milli 94-96% foreldra töldu að börnum þeirra liði almennt vel í Norðlingaskóla, í kennslustundum og í frímínútum. Foreldrar voru mjög ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur.
- Yfir 90% foreldra voru ánægðir með hversu vel skólinn mætti þörfum nemenda og voru foreldrar barna í Norðlingaskóla ánægðari með alla aðstöðu skólans en að landsmeðaltali.
- Foreldrum er boðið að taka þátt í skólastarfi einu sinni á önn þar sem nemendur kenna áhugaverða hluti sem þeir hafa verið að læra.
- Skólaráð starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerð og fundar mánaðarlega yfir skólaárið.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann og stendur fyrir föstum árlegum viðburðum og þátttaka verður betri með hverju árinu.
- Skólinn hvetur foreldra til þátttöku í skólastarfinu og foreldrar sem tóku þátt í rýnihópi upplifðu sig velkomna í skólann.

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Hluti foreldra telur heimavinnu of litla, eða fleiri en á landsvísu í sömu mælingum.
- Bent er á að betur mætti kynna skólaráð betur fyrir nemendum, hlutverk þess og hverjir sitja í því fyrir hönd nemenda og foreldra.

#### **Verklag**

##### **Fjölbreyttar leiðir í námi**

##### **Það sem vel er gert:**

- Í stefnu skólans er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti Þessum áherslum virðist markvisst fylgt eftir í framkvæmd.
- Góðar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans um þá þætti sem einkenna nám og kennslu í skólanum.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 94% góðar eða frábærar.

- Undanfarin tvö ár hefur skólinn unnið að innleiðingu spjaldtölva í námi og kennslu á unglíngastigi
- Það er mikill styrkur fyrir spjaldtölvuverkefnið að jafnhliða innleiðingu skuli fara fram rannsókn á gagnsemi þess.
- Starfsmenn vinna í teyrum um hvern námshóp. Markmiðið er að nýta sérþekkingu kennara, sértæka reynslu og hæfni.
- Stundataflan veitir umsjónarkennurum svigrúm til að fara yfir áform vikunnar með umsjónarnemendum í hverri viku og eiga persónulegt spjall við hvern og einn
- Skólafarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn langt í að einstaklingsmiða nám og starfshætti skólans, heildarútkoma er 4.5 stig á kvarðanum 1-5.
- Einstaklingsmiðun og sjálfstæð vinna einkenna nám og í vettvangsathugunum voru nemendur álíka oft að vinna sjálfstætt að einhverju leyti að eigin vali og að vinna að verkefnum undir stjórn kennara.
- Hver nemandi gerir einstaklingsmiðaða námsáætlun, áform. Í áformsbókum birtast einnig markmið námsgreina.
- Í hverri viku gefst nemendur tækifæri til að vinna að verkefnum á sínu áhugasviði.
- Námsmatið byggir á fjölbreyttum aðferðum og áhersla er á símat.
- Nemendalýðræði birtist í reglulegum nemendasamtölum, bekkjarfundum og skólaþingum.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Bæta þarf aðstöðu á skólasafni og efla starfsemi þess.
- Aðstaða í íþróttahúsi þarfnast úrbóta að mati kennara.

#### **Skóli án aðgreiningar**

##### **Það sem vel er gert:**

- Sérkennarar mynda ásamt deildarstjóra sérkennslu og náms- og starfsráðgjafa stöðteymi skólans.
- Í stefnu skólans segir um stöðþjónustu að í Norðlingaskóla er litið svo á að öll kennsla eigi að vera sérkennsla.
- Sérkennslan er skipulögð í kringum stigin og sérkennarar á hverju stigi skipuleggja og stýra stuðningsfulltrúum sem vinna með öllum nemendahópum.
- Skimanir eru markvisst nýttar til að finna nemendur sem þurfa stuðning.
- Verið er að innleiða ART þjálfun á öllum aldurstigum fyrir ákveðna nemendur
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá, þær eru endurskoðaðar reglulega.
- Ánægja er með aðstöðu til sérkennslu í skólanum.
- Almennir kennarar geta leitað til stöðteymis um ráðgjöf.

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Mikið álag er á sérkennara í byrjun hvers skólaárs vegna fundahalda með foreldrum barna með sérþarfir.
- Að mati rýnihóps um sérkennslu þyrftu stuðningsfulltrúar að vera fleiri.
- Leita þarf leiða til að takast á við hegðunarvanda nemenda.
- Endurnýja þarf tölvukost fyrir nemendur á yngsta og miðstigi.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir liggur ekki fyrir.

#### **Skólaþróun og mat**

##### **Það sem vel er gert:**

- Mikil áhersla hefur frá stofnun skólans verið lögð á þátttöku alls starfsfólks í markvissum þróunarverkefnum.

- Mikill faglegur metnaður og áhugi einkennir skólastarfið.
- Á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir innra mati, matsteymi skólans, matsáætlunum og sjálfsmatsskýrslu.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið, hún er unnin í Skólaspeglinum og tekur til allra þátta skólastarfsins.
- Allir aðilar skólastarfsins taka þátt í innra mati skólans.
- Umbótaáætlun Norðlingaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Útfæra nýja umbóta-/skólaþróunaráætlun sem byggir á innra mati skólans og niðurstöðum heildarmats.

#### **Virk upplýsingamiðlun**

##### **Það sem vel er gert:**

- Í foreldrakönnun 2012 sögðust 85% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum.
- Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingastreymið.
- Skólanámskrá, almennur hluti og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.
- Almennur hluti skólanámskrár hefur að mestu verið aðlagður nýrri aðalnámskrá en greinanámskrár séu í vinnslu.
- Upplýsingar um flest það sem birtast á í skólanámskrá skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011 er að finna á heimasíðu.
- Ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um starfshætti skólans eru á heimasíðu.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem eru á heimasíðu skólans.
- Starfsáætlun uppfyllir að öllu leyti umbeðnar upplýsingar.
- Allir nemendur skólans gera sér einstaklingsbundnar námsáætlanir/ áform.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Birta í skólanámskrá áætlanir um öryggis- og slysavarnir svo og móttökuáætlun og tilfærsluáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Birta námsvísa/ námsáætlanir á heimasíðu.
- Vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun um foreldrasamstarf til að auka aðkomu foreldra að markmiðssetningu um nám nemenda.

#### **Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi**

##### **Það sem vel er gert:**

- Í Norðlingaskóla hefur verið unnin forvarnarstefna.
- Skólinn er hefur tekið þátt í Grænánaverkefni.
- Í skólanum er starfandi áfallaráð.
- Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum.
- Rýmingaræfing er haldin árlega.
- Öryggisnefnd starfar við skólann

**Engin sérstök tækifæri til umbóta koma fram í þessum þætti.**

#### **Mannauður**

##### **Starfsánægja og líðan starfsmanna**

##### **Það sem vel er gert:**

- Góður starfsandi og mikil samheldni í starfsmannahópnum.
- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki.

- Starfsmannafélag skólans er virkt og góð þátttaka er í viðburðum á þess vegum.
- Mikil ánægja er með teymisvinnuna og fyrirkomulag hennar.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Gæta þarf þess að viðhalda góðum starfsanda þó starfsmannahópurinn stækki hratt.
- Kennarar á öllum stigum kalla eftir auknu samstarfi milli umsjónarteyma og stiga.
- Mikil þrengsli í eldhúsi og erfið vinnuaðstaða.
- Auka þarf bókakost bókasafnsins og fá inn húsgögn við hæfi.
- Leita þarf leiða til að minnka álag á skólaliða og tryggja afleysingu fyrir þá ef forföll verða.

#### **Símenntun og starfsþróun**

##### **Það sem vel er gert:**

- Vönduð og ítarleg símenntunaráætlun liggur fyrir
- Símenntun starfsmanna er ætlaður fastur tími í hverri viku
- Mikil ánægja með starfsþróunarsamtöl
- Í starfsmannastefnu Norðlingaskóla er m.a. fjallað um móttöku nýrra starfsmanna og viðbrögð við einelti og áreitni í starfsmannahópnum
- Mannréttindastefna/jafnréttisáætlun skólans nær til bæði nemenda og starfsmanna
- Mjög jákvætt viðhorf er til stjórnenda og mikil ánægja með samskiptin við þá
- Stjórnendur eru mjög sýnilegir í daglegu starfi og aðgengi að þeim er gott fyrir nemendur og starfsmenn
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í Norðlingaskóla
- Kennarar og starfsfólk finna fyrir trausti frá stjórnendum

##### **Engin tækifæri til umbóta komu fram í þessum þáttum**

#### **Fjármál**

##### **Það sem vel er gert:**

- Norðlingaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2013 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Útgjöld árið 2012 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármuna.

## Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.  
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Norðlingaskóli vorið 2013. Reykjavík: Menntasvið  
Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli í Norðlingaskóla haustið 2012.  
Skólanámskrá Norðlingaskóla. Norðlingaskóla.

Skólapúlsinn. [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is)

Skólaskýrsla 2012. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2012. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Sólveig Jakobsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir og Ragnheiður  
Líney Pálsdóttir. 2012. *Spjaldtölvur í Norðlingaskóla – þróunarverkefni 2012-2013*. Áfangaskýrsla.  
Reykjavík. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Starfsáætlun Norðlingaskóla skólaárið 2013-2014. Norðlingaskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2013. Reykjavík: Menntasvið  
Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Norðlingaskóli. Reykjavík: Menntasvið  
Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011. Norðlingaskóli. Reykjavík:  
Mannauðsskrifstofa.

[www.Norðlingaskoli.is](http://www.Norðlingaskoli.is)

## Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum  
kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur